

# Tilbrigði í íslenskri setningagerð

## II. Helstu niðurstöður Tölfræðilegt yfirlit

*Ritstjórar*  
Höskuldur Þráinsson,  
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

*Aðrir höfundar*  
Ásta Svavarasdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,  
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,  
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,  
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steinþímsdóttir, Tania E. Strahan,  
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
Reykjavík 2015

*Tilbrigði í íslenskri setningagerð II*

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
[www.malvis.hi.is](http://www.malvis.hi.is)

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)  
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND  
<http://haskolautgafan.hi.is/>, [hu@hi.is](mailto:hu@hi.is)

Öll réttindi áskilin.  
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta  
eða í heild, án skriflegs leyfis  
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson  
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir  
Prentun: Litlaprent  
[www.prent.is](http://www.prent.is)

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

### Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

**Ásgrímur Angantýsson**, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands,

nú lektor við Háskólan á Akureyri: [asgrimur@unak.is](mailto:asgrimur@unak.is)

**Ásta Svavarsdóttir**, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: [asta@hi.is](mailto:asta@hi.is)

**Einar Freyr Sigurðsson**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: [einarsig@babel.ling.upenn.edu](mailto:einarsig@babel.ling.upenn.edu)

**Eiríkur Rögnvaldsson**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: [eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)

**Guðrún Þórðardóttir**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: [gudrut@ismennt.is](mailto:gudrut@ismennt.is)

**Heimir Freyr Viðarsson**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: [hfv3@hi.is](mailto:hfv3@hi.is)

**Hlif Árnadóttir**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: [hlifa@hi.is](mailto:hlifa@hi.is)

**Höskuldur Þráinsson**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: [hoski@hi.is](mailto:hoski@hi.is)

**Jóhannes Gísli Jónsson**, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: [jj@hi.is](mailto:jj@hi.is)

**Matthew J. Whelton**, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvísinda, Háskóla Íslands: [whelton@hi.is](mailto:whelton@hi.is)

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands  
(Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefni lauk)

**Sigríður Sigurjónsdóttir**, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: [siggasig@hi.is](mailto:siggasig@hi.is)

**Sigrún Steinþimsdóttir**, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú kennari við Kvennaskólann í Reykjavík: [sigrunst@kvenno.is](mailto:sigrunst@kvenno.is)

**Tania E. Strahan**, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður Appen Butler Hill, Sydney: [tania.strahan@gmail.com](mailto:tania.strahan@gmail.com)

**Theódóra A. Torfadóttir**, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: [tat@hi.is](mailto:tat@hi.is)

**Pórhallur Eyþórsson**, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvísinda, Háskóla Íslands: [tolli@hi.is](mailto:tolli@hi.is)

**Pórunn Blöndal**, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: [thorunnb@hi.is](mailto:thorunnb@hi.is)

# Efnisyfirlit

## II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

### Inngangur að II. bindi

Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14

6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)	15
6.0 Inngangur	15
6.1 Gagnavinnslan	15
6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni	20
6.3 Víxlverkun breyta	23
6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum	24
6.4.1 Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal	24
6.4.2 Að búa til súlurit og límurit	29
6.5 Lokaorð	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarssdóttir, Þórunn Blöndal)	33
7.1 Athugunarefnin	33
7.1.1 Þágufallshneigð	33
7.1.2 Nefnifallshneigð	34
7.1.3 Andlagsfall	35
7.1.4 Fallglötum og fallflutningur	37
7.2 Þágufallshneigð	38
7.2.1 Almennt yfirlit	38
7.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 Tengsl við búsetu	49
7.2.4 Samantekt	51
7.3 Nefnifallshneigð	52
7.3.1 Almennt yfirlit	52
7.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 Tengsl við búsetu	55
7.3.4 Samantekt	56
7.4 Andlagsfall	57
7.4.1 Almennt yfirlit	57
7.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 Tengsl við búsetu	65
7.4.4 Samantekt	67

<b>7.5 Fallglötun og fallflutningur</b>	68
<b>7.5.1 Almennt yfirlit</b>	68
<b>7.5.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	69
<b>7.5.2.1 Aldur</b>	69
<b>7.5.2.2 Menntun</b>	70
<b>7.5.2.3 Kyn</b>	71
<b>7.5.3 Tengsl við búsetu</b>	71
<b>7.5.4 Samantekt</b>	72
<b>7.6 Lokaorð</b>	72
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	73
<b>Summary</b>	75
<b>8. Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigíður Sigurjónsdóttir, Hlif Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson)</b>	
<b>8.1 Athugunarefni</b>	77
<b>8.1.0 Imgangur</b>	77
<b>8.1.1 Leppsetningar og skyld dæmi</b>	78
<b>8.1.2 Hefðbundin þolmynd og polmörk hennar</b>	80
<b>8.1.3 Nýja þolmyndin</b>	82
<b>8.2 Leppsetningar og skyld dæmi</b>	84
<b>8.2.1 Almennt yfirlit</b>	84
<b>8.2.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	86
<b>8.2.2.1 Aldur</b>	86
<b>8.2.2.2 Menntun</b>	87
<b>8.2.2.3 Kyn</b>	89
<b>8.2.3 Tengsl við búsetu</b>	90
<b>8.2.4 Samantekt</b>	90
<b>8.3 Hefðbundin þolmynd og polmörk hennar</b>	91
<b>8.3.1 Almennt yfirlit</b>	91
<b>8.3.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	93
<b>8.3.2.1 Aldur</b>	93
<b>8.3.2.2 Menntun</b>	94
<b>8.3.2.3 Kyn</b>	96
<b>8.3.3 Tengsl við búsetu</b>	97
<b>8.3.4 Samantekt</b>	99
<b>8.4 Nýja þolmyndin</b>	99
<b>8.4.1 Almennt yfirlit</b>	99
<b>8.4.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn</b>	102
<b>8.4.2.1 Aldur</b>	102
<b>8.4.2.2 Menntun</b>	106
<b>8.4.2.3 Kyn</b>	108
<b>8.4.3 Tengsl við búsetu</b>	110
<b>8.4.4 Samantekt</b>	115
<b>8.5 Lokaorð</b>	116
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	117
<b>Summary</b>	118
<b>9. Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)</b>	
<b>9.1 Athugunarefni</b>	121
<b>9.1.0 Imgangur</b>	121
<b>9.1.1 Vera að i íþróttamáli</b>	123
<b>9.1.2 Útvíkkun frámvinduhorf</b>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
<b>9.2</b>	<b>Vera að í ipróttamáli</b>	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
<b>9.3</b>	<b>Útvíkkun framvinduhorfs</b>	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
<b>9.4</b>	<b>Um vera búinn að og hafa</b>	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
<b>9.5</b>	<b>Lokaorð</b>	151
Rit sem vísað er til í þessum kafla		151
<b>Summary</b>		152
<b>10.</b>	<b>Fornöfn</b> (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)	
<b>10.1</b>	<b>Athugunarefnin</b>	155
10.1.0	Inngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
<b>10.2</b>	<b>Almennt yfirlit</b>	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
<b>10.3</b>	<b>Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
<b>10.4</b>	<b>Tengsl við búsetu</b>	172
<b>10.5</b>	<b>Lokaorð</b>	173
Rit sem vísað er til í þessum kafla		174
<b>Summary</b>		175
<b>11.</b>	<b>Hættir og tíðir</b> (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)	
<b>11.1</b>	<b>Athugunarefnin</b>	177
11.1.0	Inngangur	177

<b>11.1.1</b>	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
<b>11.1.2</b>	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
<b>11.1.3</b>	<i>Tíðasamræmi</i>	181
<b>11.2</b>	<b>Almennt yfirlit</b>	182
<b>11.2.1</b>	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
<b>11.2.2</b>	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
<b>11.2.3</b>	<i>Tíðasamræmi</i>	188
<b>11.2.4</b>	<i>Samantekt</i>	189
<b>11.3</b>	<b>Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	190
<b>11.3.1</b>	<i>Aldur</i>	190
<b>11.3.2</b>	<i>Menntun</i>	193
<b>11.3.3</b>	<i>Kyn</i>	195
<b>11.3.4</b>	<i>Samantekt</i>	196
<b>11.4</b>	<b>Tengsl við búsetu</b>	197
<b>11.5</b>	<b>Lokaorð</b>	199
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>		199
<b>Summary</b>		200
<b>12.</b>	<b>Samræmi</b> (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)	
<b>12.1</b>	<b>Athugunarefnin</b>	203
<b>12.1.0</b>	<i>Inngangur</i>	203
<b>12.1.1</b>	<i>Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
<b>12.1.2</b>	<i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
<b>12.1.3</b>	<i>Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
<b>12.1.4</b>	<i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
<b>12.2</b>	<b>Samræmi við nefnifallsandlag</b>	209
<b>12.2.1</b>	<i>Almennt yfirlit</i>	209
<b>12.2.2</b>	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
<b>12.2.2.1</b>	<i>Aldur</i>	211
<b>12.2.2.2</b>	<i>Menntun</i>	213
<b>12.2.2.3</b>	<i>Kyn</i>	214
<b>12.2.3</b>	<i>Tengsl við búsetu</i>	215
<b>12.2.4</b>	<i>Samantekt</i>	215
<b>12.3</b>	<b>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</b>	216
<b>12.3.1</b>	<i>Almennt yfirlit</i>	216
<b>12.3.2</b>	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
<b>12.3.2.1</b>	<i>Aldur</i>	218
<b>12.3.2.2</b>	<i>Menntun</i>	218
<b>12.3.2.3</b>	<i>Kyn</i>	219
<b>12.3.3</b>	<i>Tengsl við búsetu</i>	220
<b>12.3.4</b>	<i>Samantekt</i>	220
<b>12.4</b>	<b>Samræmi við hlutaeignarfall</b>	221
<b>12.4.1</b>	<i>Almennt yfirlit</i>	221
<b>12.4.2</b>	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
<b>12.4.2.1</b>	<i>Aldur</i>	222
<b>12.4.2.2</b>	<i>Menntun</i>	222
<b>12.4.2.3</b>	<i>Kyn</i>	223
<b>12.4.3</b>	<i>Tengsl við búsetu</i>	223
<b>12.4.4</b>	<i>Samantekt</i>	224

<b>12.5 Samræmismörk</b>	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
<b>12.6 Lokaorð</b>	228
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	229
<b>Summary</b>	230
<b>13. Eignarsambönd</b> (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
<b>13.1 Athugunarefnin</b>	233
13.1.1 <i>Staða eignarfornafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfornafn í tengdum liðum</i>	239
<b>13.2 Staða eignarfornafns og eignarfalls</b>	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
<b>13.3 Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls</b>	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
<b>13.4 Ólafsfjarðareignarfallið</b>	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
<b>13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</b>	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266

<b>13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarfornafn í tengdum liðum</b>	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
<b>13.7 Lokaorð</b>	271
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	271
<b>Summary</b>	272
<b>14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða</b> (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)	
<b>14.1 Athugunarefnin</b>	275
14.1.0 <i>Imgangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppimskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
<b>14.2 Almennt yfirlit</b>	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppimskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
<b>14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn</b>	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
<b>14.4 Tengsl við búsetu</b>	292
<b>14.5 Lokaorð</b>	294
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	295
<b>Summary</b>	296
<b>15. Orðaröð í aukasetningum</b> (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)	
<b>15.1 Athugunarefnin</b>	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafniháttarsamböndum</i>	303
<b>15.2 Brottfall og innskot tengingar</b>	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
<b>15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</b>	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
<b>15.4</b>	<b>Innskots-að og staða sagnar</b>	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
<b>15.5</b>	<b>S2, S3 og þolfall með nafnhætti</b>	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
<b>15.6</b>	<b>Lokaorð</b>	327
<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>		328
<b>Summary</b>		329
<b>16.</b>	<b>Ýmislegt</b> (Höskuldur Þráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
<b>16.1</b>	<b>Athugunarefnin</b>	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmisatriði tengd fornöfnum og tölurordum</i>	337
<b>16.2</b>	<b>Útkomuumsagnir</b>	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
<b>16.3</b>	<b>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</b>	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
<b>16.4</b>	<b>Ósögð aukafallsfrumlög</b>	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
<b>16.5</b>	<b>Staða agna</b>	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
<b>16.6</b>	<b>Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun</b>	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
<b>16.7</b>	<b>Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluerum</b>	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
<b>16.8</b>	<b>Lokaorð</b>	362
	<b>Rit sem vísað er til í þessum kafla</b>	363
	<b>Summary</b>	364

## 13. Eignarsambönd

Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson,  
Eiríkur Rögnvaldsson

### 13.1 Athugunarefnin

Eins og margir vita er talsverður munur á innri gerð nafnliða í norrænum málum og um það efni hafa verið skrifaðar lærðar greinar, jafnvel bækur og doktorsritgerðir (sjá t.d. Delsing 1993, 2003, Julien 2005, Pfaff 2015). Íslenskir nafnliðir hafa þótt áhugaverðir í þessum samanburði vegna ýmiss konar sérstöðu ef miðað er við norrænu staðalmálin (staða eignarfornafna innan liðanna, notkun greinis í eignarsamböndum o.fl.). Þær reglur sem gilda um samsplil og stöðu einstakra hluta samsettra nafnliða í íslensku hafa líka reynst flóknari en menn gerðu lengi ráð fyrir. Lýsingar í handbókum gera yfirleitt ekki grein fyrir öllum þeim flækjum, en þeim helstu er bæði lýst í þeim ritum sem vísað var til hér ofar og einnig í greinum eftir íslenska málfræðinga (sjá einkum Friðrik Magnússon 1984, Halldór Ármann Sigurðsson 1993, 2006).

Í þessum kafla er fjallað um ýmiss konar tilbrigði sem varða eignarsambönd. Þessi tilbrigði varða orðaröð, svo sem stöðu eignarfornafns (eða eignarfalls) miðað við orðið sem það stendur með, samsplil eignarfornafns (og eignarfalls) við greini, notkun forsetningarlíða til að tjá eign og notkun eignarfalls af fornafni fyrstu persónu „í stað“ eignarfornafns í tengdum liðum. Nú verður gefið yfirlit yfir þessi viðfangsefni og þau skýrð með dænum.

#### 13.1.1 Staða eignarfornafns og eignarfalls

Dæmin í (13.1) eru eðlilegt mál í viðkomandi tungumáli:

- (13.1) a. **Dóttir míni** kom í gær.  
b. **Min datter** kom i går.  
c. **My daughter** came yesterday.

Í íslenska dæminu fer eignarfornafnið *min* á eftir nafnorðinu sem það stendur með en í danska (*b*) og enska (*c*) dæminu fer eignarfornafnið á undan. Í íslensku er hins vegar hægt að hafa þetta á hvorn veginn sem er, sbr. eftirfarandi brot úr Faðirvorinu:

(13.2) **Faðir vor ... fyrirgef oss vorar skuldir ...**

Einhverjir hafa þó látið sér detta í hug að undansett eignarfornöfn kunni að vera í sókn, og þá e.t.v. fyrir áhrif frá nágrannamálum þar sem slík röð er rikjandi (sbr. (13.1b,c)). Þess vegna voru eftirfarandi setningar bornar undir dóm þáttakenda í Kónnun 2:

- (13.3) a. T2018 *Pétur kom í heimsókn um daginn.*  
Þá sagði hann mér frá **hugmyndum sínum**.  
b. T2008 *Anna er mjög ákveðin.*  
Hún er óhrædd við að segja **sína skoðun**.  
c. T2028 *Konni er ekki vinscell í félaginu.*  
**Hugmyndir hans** um starfsemina eru óvenjulegar.  
d. T2038 *Tommi bjó lengi á Ítalíu.*  
**Hans þekking** á ítalskri matargerð er mjög mikil.

Þetta eru tvö setningapör og í fyrri setningunni í hvoru pari er eignarfornafnið á eftir en í hinni á eftir. Í síðari tveim dæmunum er reyndar ekki um beygjanlegt eignarfornafn að ræða heldur eignarfall persónufornafns (*hans*) en ekki er liklegt að það skipti máli í sjálfu sér.

### 13.1.2 Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls

Samspil greinis við eignarfornafn og eignarfall er nokkuð flókið í íslensku. Lítum á dæmi:

- (13.4) a. **?Tölva mín** er öflugust.  
b. **Tölvan mín** er öflugust.  
c. **Mín tölva** er öflugust.  
d. **\*Mín tölvan** er öflugust.

Hér finnst væntanlega flestum að *a*-dæmið sé ekki alveg eðlilegt mál en þó er það reyndar sambærilegt við (13.1a) að forminu til: nafnorð án greinis fer á undan eignarfornafni. Það er þó greinilega ekki alveg sama hvers konar nafnorð er um að ræða hér, sbr. að margir myndu væntanlega fella sig betur við þessa orðaröð ef nafnorðið ætti við eitthvað huglægt, sbr. **Hugmynd mín** var að ... (sjá umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:211). Aftur á móti er *b*-dæmið alveg eðlilegt, en þar fer nafnorð með greini á undan eignarfornafnimu. Ef eignarfornafnið fer hins vegar á undan nafnorðinu verður nafnorðið að vera án greinis (sbr. (13.4c,d)). Með hliðsjón af þessum flækjum, og einnig vegna þess að atriði af þessu tagi eru með ýmsu móti í nágrannamálunum (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2007:117 o.áfr.) var ákveðið að skoða þetta nokkuð ítarlega í Tilbrigðakönnuninni (sjá líka Höskuld Þráinsson o.fl. 2013).

Í fyrsta lagi má bera saman dæmi eins og þessi, en þar eiga öll nafnorðin við eitthvað hlutstætt:

- (13.5) a. T2020 *Krakkarnir byggðu snjóhús i gær.*  
**Hús** stelpnanna var stærst.  
b. T2096 *Petta voru spennandi kappreiðar.*  
**Hestur** Mariú kom fyrstur í mark.  
c. T2010 *Krakkarnir eiga enga hesta lengur.*  
**Hesturinn** stráksins var seldur um daginn.  
d. T2036 *Foreldrar minir fóru út að borða um helgina.*  
**Kápa** mömmu gleymdist á veitingastaðnum.  
e. T2006 *Systir min tók þvottinn inn.*  
**Peysan** mömmu varð eftir á snúrunni.  
f. T2056 *Krakkarnir eru svakaleg hrekkjusvin.*  
Þeir stálu **hjóli** pabba míns.  
g. T2046 *Láttu þeman bolta vera.*  
Þetta er **boltinn** pabba míns.  
h. T2040 *Vala fam farsimann sinn eftir langa leit.*  
Hann var í **úlpuvasa** hennar.  
i. T2030 *Ég leitaði lengi að lyklunum.*  
Loksins fann ég þá í **vasanum** mömmu.

Þessi dæmi eru þó ekki öll sama eðlis. Í sumum þeirra liggur beint við að nota nafnorð með greini og „ákvæðisfornafn“ (e. *proprietarial article*, sjá t.d. Delsing 1993:54–55, sbr. líka Höskuld Þráinsson 2005:67, Halldór Ármann Sigurðsson 2006, Johannessen 2008, Wood 2009) með, en það á þó aðeins við ef eignarfallsliðurinn er sérnafn eða igildi þess (*mamma, pabbi*). Þannig væru dæmi eins og *hesturinn hennar Mariu*, *kápan hennar mömmu*, *peysan hennar mömmu*, *hjólinu hans pabba míns*, *boltinn hans pabba míns* en væntanlega síður *vasanum hennar mömmu*, enda er orðið *vasi* í þessari merkingu kannski nálægt því að tákna „óaðskiljanlega eign“ (e. *inalienable possession*). Um slik sambönd gilda að nokkru leyti sérstakar reglur (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:214, 217–218).

Í öðru lagi lék grunur á að notkun greinis færí vaxandi í eignarsamböndum sem eiga við líkamshluta eða aðrar „óaðskiljanlegar eignir“ og þá þótti forvitnilegt að skoða líka hvort orð eins og *vasi* flokkuðust í máli einhverra sem líkamshlutar. Eftirfarandi dæmi voru skoðuð í Könnun 3 til að athuga þetta:

- (13.6) a. T3006 *Ég fann lyklana.*  
Þeir voru í **vasa** mínum.
- b. T3022 *Þú getur fengið peninga hjá mér.*  
Veskið er í **vasanum** mínum.
- c. T3048 *Þetta er besta hár næringin sem við eigum.*  
**Hár** þitt verður mjúkt og glansandi af henni.
- d. T3098 *Unnur hlýtur að láta illa i svefni.*  
**Hárið** hennar er alltaf svo flókið á morgnana.
- e. T3070 *Pessi strákur lenti i eiturlýfum.*  
Hann hefur eyðilagt **lif** sitt.
- f. T3060 *Stefán er mjög niðurdreginn.*  
Hann er óánægður með **lifið** sitt.
- g. T3038 *Svakalega er Gyða andfúl.*  
Hún verður að bursta **tennurnar** sínar oftar.
- h. T3101 *Kristinn lenti i slagsmálum í gær.*  
**Nefið** hans er rauðt og þrútið.
- i. T3108 *Gætirðu nokkuð fært þig aðeins?*  
Þú stendur á **fætinum** mínum.
- j. T3113 *Geir er farinn að stunda likamsrækt.*  
Hann var hættur að geta snert **tærnar** sínar.

Í þriðja lagi er svo oft skotið inn persónuformafni í eignarfalli í eignarsamböndum og þá er væntanlega sjaldgæft að nafnorðið sem stýrir eignarfallinu sé án greinis. Þetta var þó skoðað í Könnun 2 með eftirfarandi dænum:

- (13.7) a. T2016 *Mér er kalt.*  
Ég þyrfti að fá **peysu hennar** mömmu lánaða.
- b. T2026 *Magga systir á enga spariskó.*  
Hún fær alltaf **skóna hennar** mömmu lánaða.
- c. T2076 *Pétur sá nokkra bíla á bílastæðinu.*  
Einn þeira var **bill hans** pabba míns.
- d. T2066 *Það kom bill á mikilli ferð inn götuna.*  
Hann keyrði á nýja **bilinn hans** pabba míns.

- e. T2106 *Það voru fjögur lið i keppninni.*  
**Lið hans** Nonna sigraði með yfirburðum.
- f. T2116 *Póra fór niður á bryggju.*  
**Báturinn hans** Lúlla var ekki kominn.

Eins og lesendur finna sjálfsagt eru þessi dæmi misjafnlega eðlileg, en ekki er víst að allir hafi sömu skoðun á gæðum þeirra.

#### 13.1.3 Ólafsfjarðareignarfallið

Eins og fram hefur komið hér á undan er ýmiss konar samspil milli ákveðins greinis og fornafna í eignarsamböndum í íslensku. Nokkur dæmi eru sýnd í (13.8):

- (13.8) a. **Tölvan hennar mömmu** er biluð.
- b. **Tölva mömmu** er biluð.
- c. ?**Tölva hennar** mömmu er biluð.
- d. **Tölvan** mömmu er biluð.

Hér er *a*-gerðin hversdagslegt mál hjá mörgum, *b*-gerðin kannski svolítið formlegra mál (sjá dæmin í (13.5)), *c*-gerðina áttum við ekki von á að margir sættu sig við, en það var þó prófað (sjá dæmin í (13.7)) en vitað var að *d*-gerðin er venjulegt mál sums staðar á landinu, m.a. á Ólafsfirði og Sigrufirði. Þess vegna hefur hín stundum verið kölluð **Ólafsfjarðareignarfallið** (sjá t.d. Gunnhildi Ottósdóttur 2006, sbr. líka Pfaff 2015).<sup>1</sup> Þá er nafnorð með greini haft á undan nafnorði í eignarfalli (t.d. sérnafni eða ígildi þess, svo sem orðunum *mamma, pabbi*) án þess að á milli fari fornafn í eignarfalli (eins og í *a*-dæminu hér fyrir ofan). Útbreiðslan var skoðuð með því að bera eftirtaldar setningar undir dóm þáttakenda í Könnun 1 og 2:

- (13.9) a. T1039 *Það var brotist inn hjá okkur um helgina.*  
**Tölvan** mömmu var tekin en ekki mínn.
- b. T2006 *Systir min tökk þvottinn inn.*  
**Peysan** mömmu varð eftir á snúrunni.
- c. T2086 *Margir bilar voru illa búmir fyrir veturnum.*  
**Billinn Jóns** var á sumardekkjum.
- d. T2030 *Ég leitaði lengi að lyklunum.*  
Loksins fann ég þá í **vasanum** mömmu.
- e. T2046 *Láttu þennan bolta vera.*  
Þetta er **boltinn pabba** míns.
- f. T2010 *Krakkarnir eiga enga hesta lengur.*  
**Hesturinn stráksins** var seldur um daginn.
- g. T2050 *Læknimum hafa orðið á mistök.*  
**Nefið Magnúsar** er ennþá bólgið eftir aðgerðina.

Hér eru dæmi *a–c* kannski dæmigerðust, en hitt eru dæmi sem við vildum bera saman við þau. Við áttum kannski von á að *f*-dæmið væri samþykkt viðar en *a–c* en *g*-dæmið aftur á móti síður.

<sup>1</sup> Guðjón Ragnar Jónasson (2008:68) nefnir líka að viðmælendur hans á Ólafsfirði hafi kannast vel við þetta fyrribæri, en annars beindist rannsókn hans fyrst og fremst að framburði.

Loks var þáttakendum í síðari Námsmatsstofnunarkömmuninni boðið að velja á milli eftirfarandi kosta:

- (13.10) N0719 *Það er bara einn bill i lagi heima.*  
**Bíll/Billinn/Bíllinn hennar** mömmu er bilaður.

Hér gátu þáttakendur sem sé valið einn af þrem mismunandi kostum og niðurstaðan ætti að sýna hver hugnast þeim best.

#### 13.1.4 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir i eignarmerkingu

Með ýmsum orðum sem tákna „óaðskiljanlega eign“ af því tagi sem áður er nefnd er venja að nota forsetningu:

- (13.11) a. **Nefið á mér** er stokkbólgið.  
 b. **Augun í Maríu** skutu gneistum.

Stundum getur forsetningin *hjá* líka skipst á við eignarfornafn eða eignarfall:

- (13.12) a. Símanúmerið **hjá mér/mitt** var 35552.  
 b. Þetta nýjasta útsplil **hjá henni/hennar** kom á óvart.

Hins vegar er ljóst að það skiptir máli hvort nafnorðið er sem forsetningarliðurinn stendur með (sjá t.d. Einar Frey Sigurðsson 2006 og umræðu í 19. kafla). Þannig gerðum við ekki ráð fyrir að margir gætu t.d. sagt *Nefið hjá mér er stokkbólgið*. En við vildum sem sé kanna mörk og útbreiðslu þessarar notkunar *hjá* í eignarmerkingu (sjá líka 19. kafla hér á eftir) og í því skyni voru eftirtaldar setningar bornar undir dóm þáttakenda í Könnun 1 (sjá líka Höskuld Þráinsson o.fl. 2013 og Höskuld Þráinsson 2015):

- (13.13) a. T1042 *Við verðum i sambandi.*  
 Ertu ekki örugglega með símanúmerið **hjá mér**?  
 b. T1020 *Grimur er góður rithöfundur.*  
 Nýja bókin **hjá** honum er alveg frábær.  
 c. T1090 *Flokkspingið hófst í gær.*  
 Mér fannst **ræðan hjá** formanninum mjög góð.  
 d. T1064 *Amma bauð Bjarna í mat í gær.*  
 Maturinn **hjá** henni er alltaf jafn góður.  
 e. T1028 *Langstökskeppnin var mjög spenndi.*  
 Lengsta stökkið **hjá** Jóni kom í síðustu umferð.  
 f. T1079 *Gagnrýni þingmannsins var frekar harkaleg.*  
 Viðbrögðin **hjá** ráðherranum voru samt of hörð.  
 g. T1049 *Inga getur því miður ekki sent Sævari tölvupóst.*  
 Tölvan **hjá** henni er biluð.  
 h. T1068 *Hvaða tölva er þetta?*  
 Er þetta ekki **tölvan hjá** Jóni?  
 i. T1004 *Anna neyðist til að labba í vinnuna í dag.*  
 Billinn **hjá** henni er í viðgerð.  
 j. T1058 *Ási fékk blöðrur á tærnar í fjallgöngunni.*  
 Gönguskórnir **hjá** honum voru of þróngir.

- k. T1061 *Gummar bað mig um að lána sér blýant.*  
**Blýanturinn hjá** honum var brotinn.
- l. T1034 *Ási reyndi að fá Möggu til að styðja flokkinn.*  
**Skoðunin hjá** henni hefur samt ekkert breyst.
- m. T1054 *Sumir apar geta leyst flóknar þrautir.*  
**Greindin hjá** þeim er ótrúleg.
- n. T1016 *Hvernig hefur Ingunn það?*  
Er **heilsan hjá** henni eitthvað að skána.
- o. T1044 *Ella fór til læknis i gær.*  
Læknirinn tók mynd af **lungunum hjá** henni.
- p. T1094 *Magnús ætlar i lýtaðgerð.*  
**Nefið hjá** honum er svo rosalega stórt.
- q. T1098 *Guðrún er sorgmædd.*  
**Hundurinn hjá** henni dó á dýraspítalanum í gær.
- r. T1009 *Páll er ekki vinscell i skólánum.*  
Eini **vinurinn hjá** honum er fjórum árum yngri en hann.
- s. T1110 *Sigurjón má ekki horfa á sjónvarpið eftir 10 á kvöldin.*  
**Mamman hjá** honum bannar honum það.
- t. T1074 *Simmi fótbrotnaði um daginn.*  
Það gerðist í **skiðaferð hjá** fjölskyldunni.
- u. T1023 *Nú stendur til að flytja inn garðplöntur.*  
Það er **áhyggjuefnin hjá** garðyrkjubændum.
- v. T1102 *Það fluttu margir ágætar ræður á fundinum.*  
Mér fannst **ræðan** samt best **hjá** Jóni.
- x. T1112 *Við Jói eru með útgerð saman.*  
Hann á **hlut í bátnum hjá** mér.
- y. T1085 *Valdi verður að taka strætó út þessa viku.*  
**Billinn** er á verkstæði **hjá** honum.
- z. T1118 *Danni fór i veiðiferð um helgina.*  
**Veiðistöngin** brotnaði **hjá** honum.

Eins og sjá má eru nafnorðin sem taka *hjá*-liðinn með sér af ýmsu tagi. Fyrst er *simanúmer* eins og í (13.13a), síðan koma nokkur nafnorð sem flest vísa í einhvers konar afurð, afrek eða andsvar (*bók, ræða, matur, stökk, viðbrögð*), þá nafnorð sem vísa í ýmiss konar hluti (*tölva, bill, gönguskór, blýantur*), svo nafnorð sem eiga við eitthvað óhlutstætt (*skoðum, greind, heilsa*), þá líkamshlutar (*lungu, nef*), svo lifandi verur, manneskjur og skyldfólk (*hundur, vinur, mamma*), síðan tvö dæmi án greinis (*skiðaferð, áhyggjuefni*) og loks dæmi þar sem verið er að skoða hvort önnur atriði í setningagerðinni kunni að hafa áhrif (*ræða, bátur, bill, veiðistöng*).

Eins og áður er nefnt má stundum velja á milli forsetningarliða af ýmsu tagi og eignarfornafns eða eignarfalls. Þáttakendum var boðið upp á slikt val í Könnun 3:

- (13.14) PK3.1 *Strákurinn horfði biðjandi á mig.*  
**Augun í honum/Augun hans/Augu hans** voru full af tárum.

Svipað val var lika í boði í síðari Námsmatsstofnunarkönnuninni:

- (13.15) a. N0714 *Ég fór til læknis í gær.*  
Hann vildi fá að sjá hálskirtlana í **mér/hjá mér/mina**.

- b. N0717 *Þú verður að fara i klippingu.*  
**Hárið pitt/á pér/hjá pér** er orðið alltof sítt.

Með þessu móti ætti að fást nokkuð gott yfirlit yfir þau tilbrigði sem hér eru til skoðunar.

*13.1.5 Eignarfall persónuformafns og eignarformafn i tengdum liðum*  
 Síðasta atriðið sem varðar eignarsambönd snertir verkaskiptingu eignarformafns og persónuformafns í tengdum liðum. Eftirfarandi dæmi voru borin undir dóm þáttakenda í Könnun 2:

- (13.16) a. T2048 *Nefndin skilaði tillögum fyrir viku.*  
 Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans **og mín.**
- b. T2058 *Petta voru ágætar hugmyndir.*  
 Þær voru kynntar á fundi skólastjórans **og mínum.**
- c. T2068 *Kostnaðaráætlunin er alltof há.*  
 Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar **og mín.**
- d. T2078 *Nýi vegurinn liggur of nærrí ánni.*  
 Það veldur andstöðu stjórnarinnar **og minni.**
- e. T2088 *Það komu fram nýjar upplýsingar um málid.*  
 Þær mótuðu afstöðu Stefáns **og mín.**
- f. T2098 *Petta verður mjög dýrt.*  
 Það hefur áhrif á afstöðu stjórnarinnar **og mína.**
- g. T2108 *Bókin fjallar um náttúruvernd.*  
 Hún var mjög fróðleg að mati höfundar **og mín.**
- h. T2118 *Petta er fin bíómynd.*  
 Hún er vel gerð að mati gagnrýnenda **og mínu.**

Eins og sjá má er hér alls staðar um pör að ræða sem nálgast það að vera lágmarkspör. Í öðru tilvikinu er um að ræða beygt eignarformafn (*mínum, minni, mína, mínu*) en í hinu eignarfall samsvarandi persónuformafns, sem lagar sig þá ekkert að orðinu sem það stendur með. Kveikjan að því að þetta var skoðað er sú að dæmi með eignarfalli fyrstu persónu fornafns virtust vera nokkuð algeng þótt beygða eignarformafnið (síðara dæmið í hverju parí) gæti virst vera það sem búast mætti við frá setningafræðilegu sjónarmiði. Yfirleitt er nefnilega eignarfall persónuformafns aðeins notað til að tákna eign þegar um þriðju persónu er að ræða (*hans, hennar, þess, þeirra*) því í þeiri persónu er ekki til neitt eignarformafn nema það afturbeygða og það lýtur sérstökum reglum (sjá t.d. umræðu í 10. kafla). Hér er lika athyglisvert að eignarfall fornafns fyrstu persónu er bundið við það að það sé síðari liðurinn í tengingunni, sbr. *á fundi \*mín/mínum og forstjórans, afstöðu \*mín/minni og nefndarinnar o.s.frv.*

Að loknu þessu yfirliti getum við snúið okkur að því að skoða mat þáttakenda á þeim tilbrigðum sem nú hefur verið lýst.

## 13.2 Staða eignarformafns og eignarfalls

### 13.2.1 Almennt yfirlit

Í töflu 13.1 er gefið yfirlit yfir dóma þáttakenda í Könnun 2 á þeim setningum sem hér voru á dagskrá. Með *eftirsettu eignarformafni/eignarfalli* er átt við það þegar eignarformafnið eða eignarfallið fer á eftir því orði sem það stendur með. Orðið *undanskett* víesar þá til þess gagnstæða.

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2018	Þá sagði hann mér frá <b>hugmyndum sínum.</b>	90,5	5,5	4,0	100	747
b. T2008	Hún er óhrædd við að segja sína skoðun.	91,9	5,4	2,7	100	745
c. T2028	<b>Hugmyndir hans um starfsemina eru óvenjulegar.</b>	89,5	7,6	2,9	100	749
d. T2038	<b>Hans bekking á ítalskri matargerð er mjög mikil.</b>	69,0	18,0	13,0	100	751

Tafla 13.1: *Mat á dæmum með eftirsettu/undansettu eignarformafni/eignarfalli.*

Hér sjáum við í fyrsta lagi að bæði dæmin með afturbeygða eignarformafninu *sinn* (dæmi *a* og *b*) fá mjög jákvæða dóma og þar virðist engu máli skipta hvort eignarformafnið er á undan nafnorðinu sem það stendur með eða á eftir. Síðasta dæmið (*d*) er það eina sem talsverður hluti þáttakenda telur vafasamt (18%) eða hafnar (13%). Því hefur reyndar verið haldið fram að hin sjálfgefta staða eignarformafnsins (eða eignarfallseinkunnarinnar) sé á eftir nafnorðinu í íslensku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:77). Sé það rétt þarf e.t.v. stundum sérstaka áherslu til þess að gera þau dæmi eðlileg þar sem röðin er á hinn veginn. Kannski fær *d*-dæmið verri dóma en *b*-dæmið vegna þess að í *d*-dæminu getur verið erfiðara að hugsa sér þá sérstöku áherslu sem gæti gert það eðlilegt, enda gaf samhengissetningin ekki tilefni til þess.<sup>2</sup>

### 13.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

#### 13.2.2.1 Aldur

Vegna þess að flestar setningarnar fengu mjög jákvæða dóma (sjá *töfлу 13.1*) væri kannski ekki við því að búast að dólmarnir sýndu marktæka fylgni við aldur. Sú er þó raunin eins og sjá má í *töfлу 13.2*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2018	Þá sagði hann mér frá <b>hugmyndum sínum.</b>	80,5	91,5	<b>96,4</b>	94,3	-.179	.000
b. T2008	Hún er óhrædd við að segja sína skoðun.	83,5	95,0	<b>96,4</b>	92,9	-.129	.003
c. T2028	<b>Hugmyndir hans um starfsemina eru óvenjulegar.</b>	74,4	92,1	<b>96,9</b>	95,6	-.258	.000
d. T2038	<b>Hans bekking á ítalskri matargerð er mjög mikil.</b>	65,1	68,5	<b>73,8</b>	68,4	-.059	.104

Tafla 13.2: *Jákvætt mat á dæmum með eftirsettu/undansettu eignarformafni/eignarfalli, flokkað eftir aldri.*

Hér er tvennt athyglisvert. Í fyrsta lagi er það greinilega ekki þannig að yngri aldurshóparnir séu liklegri til þess en þeir eldri að samþykka undansett eignarformafn (eignarfall) eins og vera ætti ef einhver ný tilhneiting væri í þá átt (sbr. umræðu í kafla 13.1.1). Hins vegar sýna dólmarnir í öllum tilvikum merkjanlega fylgni við aldur og alltaf á sama veg. Þótt hún sé alls staðar veik er hún mjög vel marktæk í þrem fyrstu dæmunum. Þetta bendir til þess að í öllum dæmunum sé eitthvað sem yngsta kynslóðin sættir sig síður við en hinrar. Eins og frem kemur í kafla 13.3.2.1 er yngsta kynslóðin hrifnari af greini í ýmsum eignarsamböndum en þær eldri. Það gæti haft áhrif hér.

<sup>2</sup> Samhengissetningin var *Tommi bjó lengi á Ítalíu*, sbr. (13.3d) hér framar.

### 13.2.2.2 Menntun

Í töflu 13.3 er sýnd fylgni milli menntunar og mats á þeim setningum sem við höfum verið að skoða. Yngsta aldurshópnum er sleppt eins og áður vegna þess að þar er enginn munur á menntun einstaklinga (allir í grunnskóla):

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2018	Pá sagði hann mér frá <b>hugmyndum sínum.</b>	94,6	93,5	<b>95,6</b>	468	-.009	.844
b. T2008	Hún er óhrædd við að segja sína <b>skoðun.</b>	<b>96,9</b>	94,3	96,7	466	.014	.764
c. T2028	<b>Hugmyndir hans um starfsemina</b> eru óvenjulegar.	90,0	95,6	<b>97,8</b>	468	-.122	<b>.008</b>
d. T2038	<b>Hans pekking á ítalskri matargerð</b> er mjög mikil.	<b>78,5</b>	69,1	59,3	470	.153	<b>.001</b>

Tafla 13.3: *Jákvætt mat á dænum með eftirsettu/undansettu eignarfornafni/eignarfalli, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér sést í fyrsta lagi að mat dæmanna með eignarfornafninu (a- og b-dæmið) hefur engin tengsl við menntun. Í síðara dæmaparinu er hins vegar veik fylgni við menntun og mjög vel marktæk í báðum tilvikum. Þótt allir þátttakendur telji dæmið með eftirsetta eignarfallinu betra (c-dæmið) þá fær það samt besta dóma hjá þeim sem mesta menntun hafa en dæmið með undansetta eignarfallinu (d-dæmið) fær besta dóma hjá þeim sem hafa minnsta menntun. Skýring á þessu blasir ekki við. Þó má benda á að d-dæmið er líklega það sem helst vikur frá staðalmálínu og þegar svo er má kannski búast við því að þeir sem hafa minnsta menntun samþykki dæmið, þótt það sé svo sem ekki algilt.

### 13.2.2.3 Kyn

Loks má athuga hvort mat á þessum dænum er eitthvað mismunandi milli kynja. Tafla 13.4 sýnir það:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2018	Pá sagði hann mér frá <b>hugmyndum sínum.</b>	90,4	90,6	<b>747</b>	-.006	.860
b. T2008	Hún er óhrædd við að segja sína <b>skoðun.</b>	90,8	93,0	<b>745</b>	-.038	.301
c. T2028	<b>Hugmyndir hans um starfsemina</b> eru óvenjulegar.	90,4	88,6	<b>749</b>	.029	.424
d. T2038	<b>Hans pekking á ítalskri matargerð</b> er mjög mikil.	71,2	66,8	<b>751</b>	.033	.363

Tafla 13.4: *Jákvætt mat á setningum með eftirsettu/undansettu eignarfornafni/eignarfalli, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa töflu: Hér er engin fylgni við kyn.

### 13.2.3 Tengsl við búsetu

Í ljósi þess að flestar setningarnar fengu almennt mjög jákvæða dóma var tæplega við því að búast eð hér kæmi fram merkjanlegur munur eftir búsetu. Tafla 13.5 sýnir lika að engar skýrar vísbendingar er að finna um slíkan mun ef litið er til heilla landshluta:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2018	Þá sagði hann mér frá <b>hugmyndum sínum.</b>	90,4	87,8	<b>93,8</b>	93,2	85,7	88,8	89,5	93,5
b. T2008	Hún er óhrædd við að segja sína skoðun.	90,1	91,7	92,2	<b>97,1</b>	91,7	91,5	91,2	89,2
c. T2028	<b>Hugmyndir hans</b> um starfsemina eru óvenjulegar.	89,3	86,0	91,5	<b>92,2</b>	88,7	89,0	89,1	87,1
d. T2038	<b>Hans pekking á ítalskri matargerð er mjög mikil.</b>	59,0	<b>74,0</b>	71,3	68,9	69,4	73,8	70,2	68,8

Tafla 13.5: *Jákvætt mat á setningum með eftirsettu/undansettu eignarfornafni/eignarfalli, flokkað eftir landshlutum.*

Hér birtist ekkert skyrt mynstur og munurinn á landshlutunum í heild er hvergi tölfræðilega marktækur miðað við kí-kvaðratþrófið.

#### 13.2.4 Samantekt

Helstu niðurstöður úr þessum kafla eru frekar einfaldar:

- Segja má að niðurstöðurnar staðfesti þá almennu skoðun að í nafnliðum sem tákna eign sé hin sjálfgefna staða eignarfornafnsins/eignarfallsins í íslensku á eftir orðinu sem það stendur með. Þegar samhengið leyfir geta samt nánast allir haft eignarfornafnið/eignarfallið á undan í liðum af þessu tagi. Það kann þó að fara eitthvað eftir því hver „eignin“ er. Það hefur ekki verið kannað skipulega. Og þegar samhengið er ekki við hæfi þykir sumum undansett eignarfornafni/eignarfall einkennilegt eða ótækt (sjá d-dæmið í töflu 13.1 og mat á því dæmi í næstum töflum þar á eftir).
- Því virðist ekki þannig farið að undansetta eignarfallið/eignarfornafnið sé eithvað að sækja á og almennt sýna dómar um þessar setningagerðir ekki nein skýr tengsl við félagslegar breytur.

### 13.3 Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls

#### 13.3.1 Almennt yfirlit

Eins og fram kom í kafla 13.1.2 hér á undan voru býsna margar gerðir af setningum notaðar til að kanna samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls. Tafla 13.6 sýnir mat á setningum þar sem nafnorð sem tákna eitthvað **hlutstætt** taka með sér eignarfallseinkunn en eru ýmist með eða án greinis:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2020	<b>Hús</b> stelpnanna var stærst.	88,3	6,3	5,4	100	749
b. T2096	<b>Hestur</b> Mariu kom fyrstur í mark.	79,1	12,0	8,9	100	751
c. T2010	<b>Hesturinn</b> stráksins var seldur um daginn.	16,0	12,4	71,6	100	744
d. T2036	<b>Kápa</b> mömmu gleymdist á veitingastaðnum.	34,1	25,2	40,7	100	751
e. T2006	<b>Peysan</b> mömmu varð eftir á snúrunni.	11,2	9,5	79,3	100	747
f. T2056	Þeir stálu <b>hjóli</b> pabba míns.	56,8	20,2	23,0	100	744
g. T2046	Þetta er <b>boltinn</b> pabba míns.	14,0	13,3	72,7	100	751
h. T2040	Hann var í <b>úlpuvasa</b> hennar.	65,4	14,8	19,8	100	754
i. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum</b> mömmu.	7,0	9,6	83,4	100	752

Tafla 13.6: *Mat á dæmum þar sem nafnorð sem tákna eitthvað hlutstætt taka með sér eignarfallseinkunn og eru sjálf með eða án greinis.*

Hér sjáum við í fyrsta lagi að öll dæmin þar sem stýrinafnorðið (nafnorðið sem tekur eignarfallseinkunnina með sér) er með greini fá mjög neikvæða dóma (dæmi c, e, g og i). Dæmin þar sem stýrinafnorðið er óákveðið fá alls staðar betri dóma þótt þeir séu misgöðir. Lakasta dóma fær d-dæmið, kannski vegna þess að þar finnst þátttakendum eðlilegra að nota ákvæðisfornafnið *hennar* með (*kápan hennar* mömmu, þótt svipaður kostur gæti einnig komið til greina í fleiri dæmum eins og áður var bent á (sjá umræðu í köflum 13.1.2 og 13.1.3).

Niðurstöður úr sérstakri könnun á dæmum með orðum sem vísa í **óáðskiljanlega eign** eða svipaða hluti má sjá í *töflu 13.7* (tvö síðustu dæmin í *töflu 13.6* eru reyndar svipaðs eðlis en úr annari könnun eins og númerin sýna):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3006	Þeir voru í <b>vasa</b> mínum.	60,3	20,7	19,0	100	711
b. T3022	Veskið er í <b>vasanum</b> mínum.	77,7	12,9	9,4	100	711
c. T3048	Hár þitt verður mjúkt og glansandi af henni.	68,5	19,1	12,4	100	711
d. T3098	<b>Hárið</b> hennar er alltaf svo flókið á morgnana.	69,2	15,9	14,9	100	710
e. T3070	Hann hefur eyðilagt <b>líf</b> sitt.	93,7	3,4	2,9	100	714
f. T3060	Hann er óánægður með <b>lifið</b> sitt.	55,9	24,6	19,5	100	714
g. T3038	Hún verður að bursta <b>tennurnar</b> sínar oftar.	71,2	19,2	9,6	100	714
h. T3101	<b>Nefið</b> hans er rauðt og þrútið.	62,5	20,6	16,9	100	712
i. T3108	Þú stendur á <b>fætinum</b> mínum.	54,6	22,3	23,1	100	707
j. T3113	Hann var hættur að geta snert <b>tærnar</b> sínar.	56,5	23,0	20,5	100	708

Tafla 13.7: *Mat á dæmum með nafnorðum er tákna óáðskiljanlega eign.*

Eins og sjá má samþykkr meirihluti þátttakenda öll dæmin. Fyrstu sex dæmin mynda þrjú pör og þar er fyrra dæmið alltaf án greinis en það síðara með greini. Það er nokkuð mismunandi frá einu dæmi til annars hvorn kostinn menn velja. Greinislausla gerðin á síst upp á pallborðið í a-dæminu og þar vilja mun fleiri hafa orðið *vasi* með greini. Þessu er öfugt farið í dæmum með óhlutstæða nafnorðinu *líf* (e og f). Litill munur er á

hlutfallstölunum fyrir *hár* annars vegar og *hárið* hins vegar (dæmi *c* og *d*). Síðustu fjögur dæmin varða öll likamshluta og þar eru stýrinafnorðin öll með greini. Þar sætta menn sig best við *tennurnar* (*g-dæmið*). Í næsta undirkafla verður svo skoðað hvort dómar um þessar setningar eru mismunandi eftir hópum þáttakenda.

Í þriðja setningahópnum voru svo skoðuð dæmi með ákvæðisfornafni til að kanna hvort einhverjir gætu haft stýrinafnorðið án greinis í slíkum tilvikum. Yfirlit yfir niðurstöður má finna í *töflu 13.8*:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2016	Ég þyrfti að fá <b>peysu hennar</b> mömmu lánaða.	17,2	13,3	<b>69,5</b>	100	745
b. T2026	Hún fær alltaf skóna <b>hennar</b> mömmu lánaða.	<b>93,4</b>	3,2	3,4	100	752
c. T2076	Einn þeirra var <b>bíll hans</b> pabba míns.	10,5	13,8	<b>75,7</b>	100	749
d. T2066	Hann keyrði á nýja <b>bílinn hans</b> pabba míns.	<b>72,2</b>	15,3	12,5	100	750
e. T2106	<b>Lið hans</b> Nonna sigraði með yfirburðum.	22,0	17,6	<b>60,4</b>	100	750
f. T2116	<b>Báturinn hans</b> Lúlla var ekki kominn.	<b>96,8</b>	1,7	1,5	100	751

Tafla 13.8: Mat á dæmum með ákvæðisfornöfnum og óákvæðum/ákvæðum nafnorðum.

Tafla 13.8 sýnir skýra mynd: Flestir hafna því að hafa stýrinafnorðið óákvæðið hér og dæmin með ákvæðnu stýriorði (*b, d, f*) þykja eðlilegt mál.

### 13.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

#### 13.3.2.1 Aldur

Séu nýjungar eru á ferð í þessum orðasamböndum ætti aldursflokkun dóma að sýna það. Fyrst koma dæmi með nafnorðum er tákna eitthvað hlutstætt, með og án greinis:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2020	<b>Hús</b> stelpnanna var stærst.	77,4	88,1	<b>95,9</b>	92,5	-.185	.000
b. T2096	<b>Hestur</b> Mariú kom fyrstur í mark.	68,9	68,2	87,1	<b>95,6</b>	-.265	.000
c. T2010	<b>Hesturinn</b> stráksins var seldur um daginn.	20,1	8,0	12,4	<b>25,5</b>	-.100	.006
d. T2036	<b>Kápa</b> mömmu gleymdist á veitingastaðnum.	32,3	26,1	31,8	<b>49,4</b>	-.141	.000
e. T2006	<b>Peysan</b> mömmu varð eftir á snúrunni.	<b>16,0</b>	7,4	7,8	14,6	-.025	.490
f. T2056	Þeir stálu <b>hjóli</b> pabba míns.	57,4	<b>60,4</b>	55,0	53,8	.046	.215
g. T2046	Þetta er <b>boltinn</b> pabba míns.	16,9	9,9	12,3	<b>17,6</b>	-.068	.062
h. T2040	Hann var í <b>úlpuvasa</b> hennar.	48,5	45,3	77,4	<b>96,9</b>	-.401	.000
i. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum</b> mömmu.	<b>15,8</b>	3,5	3,1	5,7	.088	.016

Tafla 13.9: Jákvætt mat á dæmum með eftirsettu/undansettu eignarfornafni/ eignarfalli, flokkað eftir aldri.

Greinilegasta niðurstaðan hér er sú að eldri aldurshóparnir eru yfirleitt hrifnari en þeir yngri af dæmunum þar sem stýriorðið er án greinis, að *f*-dæminu undanskildu, og

fylgnin er yfirleitt mjög vel marktæk. Hún er þó yfirleitt veik nema í *h-dæminu* þar sem elstu hóparnir skera sig verulega úr. Samsvarandi dæmi með greini á stýrinafnorðinu njóta fá þó yfirleitt ekki mjög mismunandi dóma eftir aldurshópum nema helst það síðasta (*i-dæmið*), þar sem yngsti hópurinn sker sig nokkuð úr. Í þessum tilvikum er liklegt að yngsta kynslóðin vilji fremur nota annars konar orðalag, t.d. ákvæðisfornafnið þar sem þess er kostur (sbr. *peysan hennar mömmu o.s.flv.*).

Lítum næst á dæmi með nafnorðum sem tákna óaðskiljanlega eign og hlíðstæð fyrirbæri. Yfirlit yfir tengsl dóma um þau við aldur er sýnt í *töflu 13.10*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3006	Þeir voru í vasa mínum.	37,8	37,3	78,0	<b>94,5</b>	-.478	.000
b. T3022	Veskið er í vasanum mínum.	86,6	<b>90,4</b>	81,4	49,1	.312	.000
c. T3048	Hár þitt verður mjúkt og glansandi af henni.	56,5	62,0	78,0	<b>80,5</b>	-.219	.000
d. T3098	Hárið hennar er alltaf svo flókið á morgnana.	<b>80,9</b>	78,8	64,9	48,8	.257	.000
e. T3070	Hann hefur eyðilagt líf sitt.	87,6	94,4	<b>97,0</b>	<b>97,0</b>	-.150	.000
f. T3060	Hann er óánægður með lífið sitt.	<b>72,1</b>	66,5	52,4	28,3	.319	.000
g. T3038	Hún verður að bursta <b>tennurnar</b> sínar oftar.	77,6	<b>80,2</b>	73,2	51,8	.195	.000
h. T3101	Nefið hans er rautt og þrútið.	<b>67,7</b>	67,6	62,5	50,6	.127	.001
i. T3108	Þú stendur á <b>fætinum</b> mínum.	<b>65,3</b>	58,8	55,1	36,6	.196	.000
j. T3113	Hann var hættur að geta snert <b>tærnar</b> sínar.	<b>70,5</b>	63,3	49,1	39,6	.243	.000

Tafla 13.10: *Jákvætt mat á dæmum með nafnorðum sem tákna óaðskiljanlega eign, flokkað eftir aldri.*

Sú mynd sem hér birtist er algjörlega skýr: Eldri hóparnir kunna frekar að meta dæmin þar sem stýrinafnorðið er óákveðið og þeir yngri dæmin þar sem það er ákveðið. Fylgni dómannna við aldur er að vísu nokkuð mismunandi eftir því hvaða dæmi á í hlut en hún er regluleg og alls staðar mjög vel marktæk. Þessar niðurstöður staðfesta því grun okkar um að hér væri breyting í gangi. Hún virðist þá komin vel á veg því að þeir elstu samþykkja þessi dæmi í nokkrum mæli (sjá líka umfjöllun í kafla 13.5.2.1).

Lítum svo loks á dæmin með ákvæðisfornafni, þar sem kannað var hvort einhverjir málnotendur sættu sig við að hafa stýrinafnorðið óákveðið í slikum samböndum. Yfirlit yfir tengsl dómannna við aldur er sýnt í *töflu 13.11*:

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2016	Ég þyrfti að fá <b>peysu hennar</b> mömmu lánaða.	<b>23,6</b>	17,3	11,5	16,0	.101	.006
b. T2026	Hún fær alltaf skóna <b>hennar</b> mömmu lánaða.	90,8	94,6	<b>95,4</b>	92,5	-.032	.378
c. T2076	Einn þeirra var <b>bill hans</b> pabba míns.	<b>20,0</b>	6,9	6,7	8,3	.081	.027
d. T2066	Hann keyrði á nýja <b>bílinn hans</b> pabba míns.	61,2	74,8	72,0	<b>82,4</b>	-.153	.000
e. T2106	<b>Lið hans</b> Nonna sigraði með yfirburðum.	<b>32,7</b>	15,8	16,9	22,9	.128	.000
f. T2116	<b>Báturinn hans</b> Lúlla var ekki kominn.	93,8	<b>98,0</b>	97,9	97,5	-.072	.049

Tafla 13.11: *Jákvætt mat á dænum með ákvæðisfornöfnum og óákvæðum/ákvæðum nafnorðum, flokkað eftir aldri.*

Hér kemur tvennt á óvart. Í fyrsta lagi er yngsta kynslóðin marktækt jákvæðari fyrir því en þær eldri að hafa óákvæðið stýrinafnorð í þessum samböndum (dæmi a, c og e). Í öðru lagi er hún ekki eins hrifin af d-dæminu og hinar kynslóðirnar. Yngsta kynslóðin virðist þó almennt ekki hafa aðra skoðun en fullorðnir á því hyaða kostur sé bestur í eignarsamböndum. Tafla 13.12 sýnir val milli þriggja kosta í könnun Námsmatsstofnunar vorið 2007:

Númer	Setning	N
N0719	<i>Það er bara einn bill í lagi heima.</i>	871
a.	<b>Bill mömmu</b> er bilaður.	4,9
b.	<b>Billinn mömmu</b> er bilaður.	5,7
c.	<b>Billinn hennar mömmu</b> er bilaður.	<b>89,4</b>
	Samtals:	100%

Tafla 13.12: *Val á milli þriggja kosta í könnun Námsmatsstofnunar vorið 2007.*

Hér kemur ekkert á óvart. Flestir velja þann kost sem likist mest dæmunum sem fengu besta dóma í töflu 13.8, þ.e. ákvæðið stýrinafnorð og ákvæðisfornafn.

## 13.3.2.2 Menntun

Tengsl dómannna við menntun má skoða á sama hátt. Línum fyrst á *töfli 13.13*:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2020	<b>Hús</b> stelpnanna var stærst.	92,4	92,7	<b>94,5</b>	469	-.026	.571
b. T2096	<b>Hestur</b> Maríu kom fyrstur í mark.	85,4	78,2	<b>87,9</b>	469	.001	.991
c. T2010	<b>Hesturinn</b> stráksins var seldur um daginn.	<b>22,5</b>	9,8	9,9	465	.127	<b>.006</b>
d. T2036	<b>Kápa</b> mömmu gleymdist á veitingastaðnum.	35,7	30,4	<b>42,9</b>	470	-.003	.945
e. T2006	<b>Peysan</b> mömmu varð eftir á snúrunni.	<b>13,8</b>	6,1	3,3	467	.117	.011
f. T2056	Þeir stálu <b>hjóli</b> pabba míns.	48,9	61,1	<b>61,5</b>	466	-.094	.042
g. T2046	Þetta er <b>boltinn</b> pabba míns.	<b>14,5</b>	13,7	4,4	470	.122	<b>.008</b>
h. T2040	Hann var í <b>úlpuvasa</b> hennar.	<b>80,2</b>	64,8	61,5	472	.145	<b>.002</b>
i. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum</b> mömmu.	<b>6,2</b>	2,0	1,1	470	.091	.050

*Tafla 13.13: Jákvætt mat á dænum þar sem nafnord er tákna eitthvað hlutstætt taka með sér eignarfallseinkunn en eru með eða án greinis, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér sjáum við í fyrsta lagi að dæmin með greini á stýrinafnorðinu (*c, e, g, i*) fá alltaf besta dóma hjá þeim sem minnsta menntun hafa og þar er fylgnin við menntun alls staðar marktæk ( $p < 0,05$ ) og mjög vel í sumum tilvikum ( $p < 0,01$ ). Aftur á móti er fylgni við menntun yfirleitt mjög lág þegar skoðað er mat á dæmunum þar sem stýriorðið er án greinis og fjarri því að vera marktæk í fyrstu þrem dæmunum af því tagi (*a, b, d*) en nær reyndar markinu  $p \leq 0,05$  í *f*-dæminu. Reyndar hefur svo síðasta dæmaparið nokkra sérstöðu, bæði að því leyti að þar fær gerðin með ákveðna stýriorðinu lakari dóma en í öðrum tilvikum og vegna þess að þar fær dæmið með óákveðna stýriorðinu (*h-dæmið*) langbesta dóma hjá þeim sem minnsta menntun hafa. Eins og við séum í *töfli 13.9* fékk þetta dæmi langbesta dóma hjá elstu kynslóðinni. Elsta kynslóðin gæti haft minnsta menntun og því má skoða hvort fylgni milli menntunar og dóma um *h-dæmið* helst ef áhrif aldurs eru útilokuð. Svo reynist ekki vera.<sup>3</sup> Það er því greinilegt að í nánari rannsóknum á fylgni dóma við menntun er ekki alltaf nóg að útiloka yngsta aldurshópinn til þess að koma í veg fyrir áhrif aldursbreytunnar því hinir hóparnir hafa ekki allir sama menntunarstig.<sup>4</sup> Þetta hefur þó yfirleitt ekki verið skoðað í tölfraðilega yfirlitini í þessari bók.

Yfirlit yfir mat á dænum sem varða óaðskiljanlega eign er sýnt í *töfli 13.14*:

<sup>3</sup> Þetta má gera með því að velja aðgerðirnar *analyze* og *correlate* í SPSS, síðan kostinn *partial* og loks *controlling for* fyrir aldurshóp. Fylgnitalan dettur þá niður í 0,067 og *p*-gildið hækkar upp í 0,146, en það merkir að fylgnin er ekki tölfraðilega marktæk.

<sup>4</sup> Þegar áhrif aldurs voru útilokuð í öðrum dænum þar sem fylgni við menntun hafði sýnst vera marktæk lækkuð fylgnitolurnar og *p*-gildið hækkaði, en fylgnin var samt sem áður tölfraðilega marktæk. Tölurnar fyrir *c*-dæmið verða þá  $r = 0,098, p = 0,035$ ; fyrir *e*-dæmið verða þær  $r = 0,112, p = 0,016$ ; fyrir *g*-dæmið  $r = 0,099, p = 0,032$ .

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T3006	Þeir voru í <b>vasa</b> mínum.	<b>66,3</b>	64,0	65,4	396	-.001	.979
b. T3022	Veskið er í <b>vasanum</b> mínum.	76,2	74,9	<b>83,1</b>	397	-.043	.398
c. T3048	<b>Hár</b> þitt verður mjúkt og glansandi af henni.	<b>76,2</b>	69,4	71,8	399	.051	.311
d. T3098	<b>Hárið</b> hennar er alltaf svo flókið á morgnana.	61,9	65,1	<b>72,7</b>	397	-.060	.235
e. T3070	Hann hefur eyðilagt <b>líf</b> sitt.	<b>98,1</b>	95,4	96,2	399	.040	.427
f. T3060	Hann er óánægður með <b>lífið</b> sitt.	47,6	<b>50,0</b>	<b>50,0</b>	399	-.003	.953
g. T3038	Hún verður að bursta <b>tegnurnar</b> sínar oftari.	66,7	69,6	<b>73,1</b>	397	-.052	.305
h. T3101	<b>Nefið</b> hans er rauvt og þrútið.	56,2	59,1	<b>67,9</b>	398	-.088	.079
i. T3108	Þú stendur á <b>fætinum</b> mínum.	49,5	49,1	<b>57,9</b>	395	-.042	.405
j. T3113	Hann var hættur að geta snert <b>tærnar</b> sínar.	<b>55,2</b>	52,6	44,2	395	.036	.475

Tafla 13.14: *Jákvætt mat á dænum með nafnorðum sem tákna óaðskiljanlega eign, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér kemur hvergi fram marktæk fylgni dóma við menntun.

Að síðustu lítum við á dæmin með ákvæðisfornafni og óákvæðnu eða ákvæðnu stýrinafnorði. Í töflu 13.15 er yfirlit yfir matið, flokkað eftir menntun þáttakenda:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2016	Ég þyrfti að fá <b>peysu</b> hennar mömmu lánaða.	<b>22,1</b>	11,8	11,1	467	.117	.012
b. T2026	Hún fær alltaf <b>skóna</b> hennar mömmu lánaða.	93,1	<b>95,6</b>	94,4	470	-.027	.557
c. T2076	Einn þeirra var <b>bill</b> hans pabba míns.	<b>9,2</b>	6,5	4,4	470	.088	.055
d. T2066	Hann keyrði á nýja <b>bílinn</b> hans pabba míns.	77,7	77,0	67,0	469	.074	.110
e. T2106	<b>Lið</b> hans Nonna sigraði með yfirburðum.	<b>26,0</b>	14,1	11,2	468	.157	<b>.001</b>
f. T2116	<b>Báturinn</b> hans Lúlla var ekki kominn.	96,2	<b>98,4</b>	97,8	472	-.044	.337

Tafla 13.15: *Jákvætt mat dæma með ákvæðisfornöfnum og óákvæðnum/ákvæðnum nafnorðum, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér kemur fram vel marktæk fylgni í *e*-dæminu og raunar líka í *a*-dæminu. Ef við skoðum eins og áður hvort hér gæti verið um að ræða falin áhrif frá aldurshópunum þrem sem hér eiga í hlut, kemur í ljós að svo er ekki.<sup>5</sup> Hér er því um raunverulega fylgni við menntun að ræða, hvernig sem á að skýra það.

<sup>5</sup> Fyrir *a*-dæmið breytist fylgnitalan í 0,126 og *p*-gildið í 0,006, þ.e. fylgnin styrkist örlitið. Fyrir *e*-dæmið verða tölurnar *r* = 0,159 og *p* = 0,001, þ.e. nánast sömu tölur og áður.

## 13.3.2.3 Kyn

Línum loks á hugsanlega fylgni við kyn og byrjum á *töfli 13.16*:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2020	<b>Hús</b> stelpnanna var stærst.	87,9	<b>88,6</b>	749	-.010	.790
b. T2096	<b>Hestur</b> Mariú kom fyrstur í mark.	<b>79,8</b>	78,4	751	.019	.613
c. T2010	<b>Hesturinn</b> stráksins var seldur um daginn.	<b>18,1</b>	14,0	744	.043	.239
d. T2036	<b>Kápa</b> mömmu gleymdist á veitingastaðnum.	<b>40,3</b>	28,1	751	.124	.001
e. T2006	<b>Peysan</b> mömmu varð eftir á snúrunni.	<b>12,7</b>	9,9	747	.024	.512
f. T2056	Þeir stálu <b>hjóli</b> pabba míns.	<b>59,2</b>	54,6	744	.047	.202
g. T2046	Þetta er <b>boltinn</b> pabba míns.	<b>14,2</b>	13,8	751	.042	.245
h. T2040	Hann var í <b>úlpuvasa</b> hennar.	<b>67,7</b>	63,2	754	.040	.273
i. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum</b> mömmu.	6,8	<b>7,3</b>	752	-.013	.720

*Tafla 13.16:* **Jákvætt mat** á dænum þar sem nafnorð er tákna eitthvað hlutstætt taka með sér eignarfallseinkunn og eru sjálf með eða án greinis, flokkað eftir kyni þáttakenda.

Hér sýna dólmarnir aðeins í einu tilviki marktæka fylgni við kyn, þ.e. í *d-dæminu*, þar sem marktækt fleiri karlar en konur sætta sig við óákveðna stýrinafnorðið. Ekki liggr ljóst fyrir hvernig á því gæti staðið.

Yfirlit yfir mat á dænum sem varða óaðskiljanlega eign er sýnt í *töfli 13.17*:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T3006	Þeir voru í <b>vasa mínum</b> .	<b>62,9</b>	58,0	711	.059	.119
b. T3022	Veskið er í <b>vasanum</b> mínum.	73,1	<b>82,0</b>	711	-.109	<b>.003</b>
c. T3048	<b>Hár</b> pitt verður mjúkt og glansandi af henni.	67,1	<b>70,0</b>	711	-.022	.562
d. T3098	<b>Hárið</b> hennar er alltaf svo flókið á morgnana.	67,3	<b>71,1</b>	710	-.028	.454
e. T3070	Hann hefur eyðilagt <b>líf</b> sitt.	92,6	<b>95,1</b>	714	-.043	.254
f. T3060	Hann er óánægður með <b>lifið</b> sitt.	53,9	<b>57,7</b>	<b>714</b>	-.044	.242
g. T3038	Hún verður að bursta <b>tennurnar</b> sínar oftari.	69,6	<b>72,9</b>	712	.026	.485
h. T3101	<b>Nefið</b> hans er rauvt og þrútið.	57,5	<b>67,5</b>	712	-.099	<b>.008</b>
i. T3108	Þú stendur á <b>fætinum</b> mínum.	54,2	<b>55,1</b>	707	-.005	.902
j. T3113	Hann var hættur að geta snert <b>tærnar</b> sínar.	53,8	<b>59,3</b>	708	-.052	.164

*Tafla 13.17:* **Jákvætt mat** á dænum með nafnorðum sem tákna óaðskiljanlega eign, flokkað eftir kyni þáttakenda.

Hér er nokkur skýr munur á mati kynjanna á dæmunum í fyrsta dæmaparinu, þ.e. dænum *a* og *b*. Þar eru karlarnir sáttari en konurnar við gerðina með óákveðna nafnorðinu (*vasa mínum*) en þessu er öfgt farið um gerðina sem hefur ákveðna nafnorðið. Dómarnir um *b-dæmið* sýna marktæka fylgni við kyn. Annars eru konurnar yfirleitt jákvæðari gagnvart öllum dæmunum, hvort sem stýriorðið er með greini eða ekki. Munurinn á dómum kynjanna er þó ekki tölfræðilega marktækur nema í *h-dæminu*, hvernig sem á því stendur.

*Tafla 13.18* sýnir svo loks yfirlit yfir dóma kynjanna um síðasta dæmahópinn:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2016	Ég þyrfti að fá <b>peysu hennar</b> mömmu lánaða.	19,4	15,1	745	.076	.039
b. T2026	Hún fær alltaf skóna <b>hennar</b> mömmu lánaða.	92,3	94,3	752	-.041	.263
c. T2076	Einn þeirra var <b>bíll hans</b> pabba míns.	10,7	10,4	749	.004	.914
d. T2066	Hann keyrði á nýja <b>bílinn hans</b> pabba míns.	67,8	76,3	760	-.094	.010
e. T2106	<b>Lið hans</b> Nonna sigraði með yfirburðum.	22,8	21,2	750	-.019	.599
f. T2116	<b>Báturinn hans</b> Lúlla var ekki kominn.	96,2	97,4	751	-.035	.342

Tafla 13.18: *Jákvætt mat á dænum með ákvæðisfornöfnum og óákvæðnum/ákvæðnum nafnorðum, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er munur á dóum kynjanna yfirleitt mjög lítt en reyndar alltaf á sama veg: dæmin með óákvæðna stýrinafnorðinu fá heldur betri dóma hjá körlum, þau með ákvæðna stýrinafnorðinu heldur betri dóma hjá konum. Munurinn nær því að vera tölfræðilega marktækur við  $p \leq 0,05$  markið í a-dæminu og og við  $p \leq 0,01$  markið d-dæminu, hvað sem það merkir.

### 13.3.3 Tengsl við búsetu

Að síðustu er svo rétt að kanna hvort dómar um þessar setningagerðir sýna einhver tengsl við búsetu. Lítum fyrst á *töflu 13.19*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2020	<b>Hús</b> stelpnanna var stærst.	85,6	82,0	92,2	91,3	87,1	85,4	86,0	91,4
b. T2096	<b>Hestur</b> Mariú kom fyrstur í mark.	83,3	72,0	79,8	75,7	84,4	70,7	77,2	81,7
c. T2010	<b>Hesturinn</b> stráksins var soldur um daginn.	12,7	6,0	17,2	7,8	12,9	28,0	21,4	22,8
d. T2036	<b>Kápa</b> mömmu gleymdist á veitingastaðnum.	52,4	40,0	32,6	28,4	23,7	32,9	30,9	36,6
e. T2006	<b>Peysan</b> mömmu varð eftir á snírunni.	5,0	16,0	3,9	7,8	6,1	41,5	12,3	9,7
f. T2056	Þeir stálu <b>hjóli</b> pabba míns.	73,1	52,0	54,4	50,5	57,1	51,9	55,4	56,5
g. T2046	Þetta er <b>boltinn</b> pabba míns.	12,5	16,0	11,8	8,7	8,9	32,9	19,3	10,8
h. T2040	Hann var í <b>úlpuvasa</b> hennar.	61,0	56,0	68,2	68,9	70,4	62,2	61,4	65,6
i. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum</b> mömmu.	8,7	4,0	2,3	4,9	3,7	25,9	3,6	6,5

Tafla 13.19: *Jákvætt mat á dænum þar sem nafnorð er tákna eitthvað hlutstætt taka með sér eignarfallseinkunn og eru sjálf með eða án greinis, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er nokkur munur á dómum þáttakenda eftir landshlutum og hann er tölfraðilega marktækur í nokkrum tilvikum samkvæmt kí-kvaðratprófinu. Þær tölur sem skipta mestu máli í því sambandi eru sýndar í *töflu 13.20*:

Númer	Setning	kí-kvaðrat	p-gildi
<b>Bestir dómar á Norðvesturlandi:</b>			
c. T2010	<b>Hesturinn stráksins</b> var seldur um daginn.	32,90	<b>0,003</b>
e. T2006	<b>Peysan mömmu</b> varð eftir á smúrunni.	106,28	<b>0,000</b>
g. T2046	Þetta er boltinn <b>pabba míns</b> .	40,21	<b>0,000</b>
i. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum mömmu</b> .	79,01	<b>0,000</b>
<b>Bestir dómar í Reykjavík:</b>			
d. T2036	<b>Kápa mömmu</b> gleymdist á veitingastaðnum.	37,96	<b>0,001</b>
f. T2056	Þeir stálu <b>ljóli pabba míns</b> .	25,07	0,034

*Tafla 13.20: Kí-kvaðratgildi og p-gildi fyrir þau dæmi um samspil greins, eignarfornafns og eignarfalsi þar sem marktækur munur er eftir landshlutum á dómum þáttakenda.*

Eins og *tafla 13.20* sýnir er munurinn á dómumunum um fyrri setningahópinn mjög vel marktækur (vendigildið fyrir kí-kvaðrat fyrir 14 frelsisgráður eins og hér er 29,14 miðað við  $p = 0,01$ ).<sup>6</sup> Þetta þarf ekki að koma á óvart vegna þess að sumar þessara setninga eru nokkuð dæmigerðar fyrir Ólafsfjarðareignarfallið svokallaða, einkum dæmi *e* og *i*, en sú setningagerð nýtur m.a. hylli á Siglufirði og sums staðar í Skagafirði (sbr. næsta undirkafla). Það kemur meira á óvart að dæmi *d* og *f* skuli fá besta dóma í Reykjavík og að munur á dómum þáttakenda í landshlutunum almennt skuli reynast tölfraðilega marktækur. Það gæti verið áhugavert að skoða þetta nánar í framhaldsrannsóknunum.

Líttum næst á mat á dæmum sem varða óaðskiljanlega eign. Yfirlit yfir það er sýnt í *töflu 13.21*. Þar er lika nokkur munur eftir landshlutum en þó ekki mjög skýr. Dæmin með greini á nafnorðinu (*b*, *d*, *f*, *g*, *h*, *i*, *j*) fá þó oft betri dóma á Reykjanesi en annars staðar, sum jafnvæl lika í Reykjavík. Í heild er munurinn eftir landshlutum þó ekki tölfraðilega marktækur skv. kí-kvaðratprófinu nema fyrir *d*-dæmið (*hárið hemar*,  $p = 0,001$ , kí-kvaðratgildið var 36,63 en vendigildið er 29,14 miðað við  $p = 0,01$  og 14 frelsisgráður) og *h*-dæmið (*nefið hans*,  $p = 0,028$ , kí-kvaðratgildið 25,67.). Eins og fram kom í *töflu 13.10* er hér alls staðar mjög skýr munur á aldurshópum sem sýndi að dæmin með greini eru mun vinsælli ljá yngri kynslóðinni en þeim eldri. Hér er því um nýjung að ræða og miðað við niðurstöður í ýmsum öðrum köflum þarf ekki að koma á óvart að Reykjanes sé þar í fararbroddi.

<sup>6</sup> Þótt niðurstöðurnar séu flokkaðar svona í töflunni, þ.e. eftir því hvort þær fengu besta dóma á Norðvesturlandi eða í Reykjavík, miðast þau kí-kvaðratgildi sem þarna eru gefin við samanburð allra staðanna í einu en ekki þessara tilteknu staða sérstaklega við hina (þótt það hefði væntanlega gefið skýrari mynd).

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3006	Þeir voru í <b>vasa</b> mínum.	55,2	42,3	62,4	60,6	64,6	<b>64,8</b>	60,3	56,5
b. T3022	Veskið er í <b>vasanum</b> mínum.	84,7	<b>88,5</b>	72,8	75,2	75,2	79,2	75,3	83,9
c. T3048	<b>Hár</b> pitt verður mjúkt og glansandi af henni.	66,7	53,8	67,7	72,5	67,9	<b>75,9</b>	67,9	67,7
d. T3098	<b>Hárið</b> henmar er alltaf svo flókið á morgnana.	83,7	<b>84,6</b>	78,4	58,7	61,3	72,2	61,8	66,1
e. T3070	Hann hefur eyðilagt <b>líf</b> sitt.	91,9	84,6	<b>98,4</b>	92,7	94,4	88,9	93,6	95,2
f. T3060	Hann er óánægður með <b>lifið</b> sitt.	52,5	<b>69,2</b>	58,4	50,5	55,3	59,3	57,7	56,5
g. T3038	Hún verður að bursta <b>tennurnar</b> sínar oftar.	74,2	76,9	71,2	65,1	73,9	<b>77,8</b>	71,8	61,3
h. T3101	<b>Nefið</b> hans er rautt og þrútið.	74,7	<b>84,6</b>	61,6	50,5	59,7	63,0	61,5	64,5
i. T3108	Þú stendur á <b>fætinum</b> mínum.	64,3	<b>73,1</b>	56,0	50,0	51,0	47,2	52,6	54,8
j. T3113	Hann var hættur að geta snert <b>tærnar</b> sínar.	<b>65,7</b>	65,4	60,8	46,3	52,9	54,7	55,1	59,7

Tafla 13.21: *Jákvætt mat á dæmum með nafnorðum sem tákna óaðskiljanlega eign, flokkað eftir landshlutum.*

Tafla 13.22 sýnir svo sams konar yfirlit yfir dóma um síðasta dæmahópinn:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2016	Ég þyrfti að fá <b>peysu</b> <b>hennar</b> mömmu lánaða.	18,3	24,0	14,1	10,8	15,2	<b>25,6</b>	20,0	17,4
b. T2026	Hún fær alltaf <b>skóna</b> <b>hennar</b> mömmu lánaða.	91,3	86,0	95,4	96,1	94,0	91,5	<b>96,4</b>	92,5
c. T2076	Einn þeirra var <b>bíll</b> <b>hans</b> pabba míns.	14,6	10,0	10,9	3,9	7,6	<b>17,1</b>	10,5	11,8
d. T2066	Hann keyrði á nýja <b>bílinn</b> <b>hans</b> pabba míns.	73,3	60,0	75,2	72,3	<b>76,1</b>	67,9	70,2	72,0
e. T2106	<b>Lið</b> <b>hans</b> Nonna sigraði með yfirburðum.	18,4	<b>31,3</b>	26,9	20,4	14,1	26,8	28,6	19,4
f. T2116	<b>Báturinn</b> <b>hans</b> Lúlla var ekki kominn.	94,3	98,0	96,2	99,0	97,8	95,1	94,6	<b>98,9</b>

Tafla 13.22: *Jákvætt mat á dæmum með ákvæðisfornöfnum og óákvæðnum/ ákvæðnum nafnorðum, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er eins og áður nokkur munur eftir landshlutum, en hann virðist ekki reglubundinn og samkvæmt kí-kvaðratprófinu er hann hvergi tölfraðilega marktækur í heildina.

### 13.3.4 Samantekt

Meginviðfangsefnið í þessum undirkafla var að skoða notkun greinis á þeim orðum sem taka með sér eignarfall eða eignarfornafn. Þar var hugað að þrenns konar dænum: Í fyrsta lagi dænum þar sem stýriorðið táknað eitthvað hlutstætt (*hús stelpnanna, hesturinn stráksins, kápa mömmu ...*). Í öðru lagi dænum þar sem stýriorðið vísar í óaðskiljanlega eign (*hár bitt, lífið sitt, nefið hans ...*). Í þriðja lagi var svo litið á dæmi þar sem ákvæðisfornafn stendur með eignarfallinu (*bill hans pabba, skóna hennar mömmu, lið hans Nonna ...*). Helstu niðurstöður má draga saman á þessa leið:

- Þegar stýriorðið táknað eitthvað hlutstætt fengu dæmi án greinis yfirleitt betri dóma (*tafla 13.6*). Þeir eldri voru þó hrifnari af greinislusu dæmunum en þeir yngri (*tafla 13.9*) og þeir sem minni menntun höfðu sættu sig frekar við dæmin með greini (*tafla 13.13*). Auk þess voru dæmi með greini sérstaklega vinsæl á Norðvesturlandi (*töflur 13.19 og 13.20*).
- Í dænum þar sem óaðskiljanleg eign kom við sögu gátu margir ýmist haft stýriorðið með eða án greinis (*hár bitt, hárið hennar, sbr. töflu 13.7*). Við nánari athugun kom þó í ljós að þeir yngri voru líklegri til að samþykkja dæmin með greini en þeir eldri (*tafla 13.10*) og í sumum tilvikum fengu slikein setningar einna besta dóma á Reykjanesi (*tafla 13.21*).
- Þegar ákvæðisfornafn stóð með eignarfallinu var dæmunum án greinis yfirleitt hafnað (*bill hans pabba, sbr. töflu 13.8*). Það voru einna helst þeir sem höfðu minnsta menntun sem samþykktu slik dæmi (*tafla 13.15*).

## 13.4 Ólafsþjóðareignarfallið

### 13.4.1 Almennt yfirlit

Mat á setningum sem tengjast hinu svokallaða Ólafsþjóðareignarfalli er sýnt í *töflu 13.23*. Sum dæmanna hafa þegar verið nefnd í þessum kafla í samanburði við önnur:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1039	Tölvan mömmu var tekin en ekki mín.	16,4	11,6	72,0	100	769
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	11,2	9,5	79,3	100	747
c. T2086	Billinn Jóns var á sumardekkjum.	19,1	8,2	72,7	100	752
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu.	7,0	9,6	83,4	100	752
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns.	14,0	13,3	72,7	100	751
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	16,0	12,4	71,6	100	744
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	12,4	12,3	75,3	100	749

*Tafla 13.23: Mat á dænum með Ólafsþjóðareignarfalli eða svipuðum samböndum.*

Eins og *tafla 13.23* sýnir fengu þessi dæmi mjög svipaða dóma í heildina: Mikill meirihluti þátttakenda (um 70–80%) taldi þau ótæk. Það kemur ekki á óvart, en vegna sérstöðu þessara dæma (vitneskja um landshlutabundinn málfarsmun) er ástæða til að greina þessa dóma nánar.

### 13.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

#### 13.4.2.1 Aldur

Yfirlit yfir tengsl dómanna við aldur er sýnt í *töflu 13.24*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1039	Tölvan mömmu var tekin en ekki míin.	20,6	12,2	13,5	19,3	-.028	.437
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	16,0	7,4	7,8	14,6	-.025	.490
c. T2086	Billinn Jóns var á sumardekkjum.	31,1	14,8	13,8	15,8	.098	.007
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu.	15,8	3,5	3,1	5,7	.088	.016
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns.	16,9	9,9	12,3	17,6	-.068	.062
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	20,1	8,0	12,4	25,5	-.100	.006
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	23,7	8,0	8,7	8,8	.062	.090

Tafla 13.24: *Jákvætt mat á dænum sem fela í sér Ólafsfjarðareignarfallið eða svipuð sambönd, flokkað eftir aldri.*

Eins og áður var nefnt og lesendur geta séð eru þessi dæmi ekki öll af nákvæmlega sömu gerð. Tafla 13.24 sýnir lika að það er svolitið misjafnt frá einu dæmi til annars hvort það fellur þeim yngri eða eldri betur í geð. Yfirleitt eru aldurshóparnir í miðjunni ekkert hrifnir af þessum dænum, en í sumum tilvikum fá dæmin talsvert betri dóma hjá yngsta aldurshópnum eða þeim elsta. Það á t.d. við um dæmi c, d og g, þar sem fylgni dómannna við aldur er tölfraðilega marktæk í tveim fyrri tilvikunum þótt hún sé veik (yngsti aldurshópurinn kann best að meta dæmin). Hins vegar er það elsti hópurinn sem er hrifnastur af f-dæminu og þar verður fylgnin við aldur líka marktæk þótt hún sé með öfugum formerkjum. Það er ekki gott að segja hvernig stendur á því.

#### 13.4.2.2 Menntun

Til að skoða hvort dómar um þessar setningar sýni einhver tengsl við menntun má lita á töflu 13.25:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T1039	Tölvan mömmu var tekin en ekki míin.	18,6	12,4	17,1	542	-.005	.903
b. T2006	Peysan mömmu varð eftir á snúrunni.	13,8	6,1	3,3	467	.117	.011
c. T2086	Billinn Jóns var á sumardekkjum.	19,2	12,0	9,9	470	.092	.045
d. T2030	Loksins fann ég þá í vasanum mömmu.	6,2	2,0	1,1	470	.091	.050
e. T2046	Þetta er boltinn pabba míns.	14,5	13,7	4,4	470	.122	.008
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	22,5	9,8	9,9	465	.127	.006
g. T2050	Nefið Magnúsar er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	11,5	5,2	6,7	469	.112	.015

Tafla 13.25: *Jákvætt mat á dænum sem fela í sér Olafsfjarðareignarfallið eða svipuð sambönd, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Það sem er reglulegt í þessu er það að í öllum tilvikum fá þessar setningar besta dóma hjá þeim sem minnsta menntun hafa. Fylgnin er að vísu veik, en hún er yfirleitt tölfraðilega marktæk, sums staðar m.a.s. við  $p \leq 0,01$  markið (dæmi e og f). Hins vegar mælist engin fylgni við menntun í fyrsta dæminu og ástæðan er greinilega sú að það dæmi fær af einhverjum ástæðum tiltölulega góða dóma hjá þeim sem mesta menntun

hafa. Nú er *a*-setningin reyndar úr annarri könnun en hinar (setning *a* er úr fyrstu könnun, hinar úr annarri könnun), en þar sem kostað var kapps um að hafa þátttakendahópinn sem sambærilegastan í öllum könnunum getur það tæplega skýrt sérstöðu *a*-dæmisins. Þó væri t.d. hugsanlegt að ólik víxlverkun landshluta og menntunar í þessum tveim könnunum ætti einhvern þátt í því að *a*-dæmið kemur öðruvísi út en hin. En sé fylgnin milli menntunar og dóma um *a*-setninguna skoðuð sérstaklega að teknu tilliti til landshluta.<sup>7</sup> verður niðurstaðan eftir sem áður nánast engin fylgni (og *p*-gildið verður 0,937). Það má líka kenna hugsanlega víxlverkun milli menntunarbreytunnar og landshlutabreytunnar fyrir *b*-dæmið með sams konar aðgerð, en þar sýnir *tafla 13.25* marktæka fylgni milli mats og menntunar. En þessi aðgerð hefur ekki heldur nein teljandi áhrif á fylgnina milli menntunar og dóma í því tilviki — hún helst áfram svipuð og ekki síður marktæk þótt hún sé áfram lítil (*p*-gildið verður 0,013). Þetta kallar á nánari athugun, t.d. á því hvort Ólafsfjarðareignarfallið hefur einhverja sérstaka merkingu í hugum þeirra sem nota það. Hér endar *a*-dæmið t.d. á orðunum *en ekki min* og það gefur andstæðumerkingu sem kannski hefur áhrif á matið á því dæmi í huga sumra. Hér verður þó ekki farið lengra út í þessa sálma.

#### 13.4.2.3 Kyn

Í töflu 13.26 má sjá flokkun dómannna eftir kyni:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T1039	<b>Tölvan mömmu</b> var tekin en ekki min.	17,2	15,5	769	.045	.216
b. T2006	<b>Peysan mömmu</b> varð eftir á snúrunni.	12,7	9,9	747	.024	.512
c. T2086	<b>Bíllinn Jóns</b> var á sumardekkjum.	19,4	18,7	752	.037	.313
d. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum mömmu</b> .	6,8	7,3	752	-.013	.720
e. T2046	Þetta er <b>boltinn pabba míns</b> .	14,2	13,8	751	.042	.245
f. T2010	Hesturinn stráksins var seldur um daginn.	18,1	14,0	744	.043	.239
g. T2050	<b>Nefið Magnúsar</b> er ennþá bólgið eftir aðgerðina.	16,7	8,4	749	.064	.078

Tafla 13.26: *Jákvætt mat á dæmum sem fela í sér Ólafsfjarðareignarfallið eða svipuð sambönd, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Af þessari töflu má sjá að karlarnir eru yfirleitt heldur jákvæðari gagnvart þessum dæmum en konurnar. Munurinn er þó yfirleitt nokkuð fjarri því að vera tölfraðilega marktækur nema helst í síðasta dæminu. Hér er hins vegar þess að gæta að vegna þess að þetta máleinkenni er að verulegu leyti staðbundið (sjá kafla 13.4.3 hér á eftir) er samanburður af þessu tagi dálitið flókinn. Í framhaldsrannsókn mætti þess vegna hugsa sér tvennt. Annars vegar má skoða hvort það er munur á dónum kynjanna þar sem Ólafsfjarðareignarfallinu er almennt hafnað. Hins vegar má kenna kynjamun á þeim svæðum þar sem þessi setningagerð fær besta dóma. Ef einhver breyting er í gangi, t.d. á þann veg að þetta einkenni á undir högg að sækja, er fróðlegt að vita hvort kynið leiðir þá breytingu. Ef slík rannsókn væri t.d. gerð á Ólafsfirði mætti hugsa sér að skoða til samanburðar hvort kynjamunur er finnanlegur í þeim framburðareinkennum sem til skamms tíma hafa einkennt mál Ólafsfirðinga (harðmæli, raddaður framburður).

<sup>7</sup> Eins og áður má gera þetta með því að velja aðgerðirnar *analyze* og *correlate* í SPSS og síðan kostinn *partial* og loks *controlling for* fyrir landshluta.

### 13.4.3 Tengsl við búsetu

Áður en Tilbrigðaverkefnið hófst töldum við okkur vita að „Ólafsfjarðareignarfallið“ væri staðbundið. Sá grunur er staðfestur í *töflu 13.27*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1039	<b>Tölvan mömmu</b> var tekin en ekki mínn.	9,9	11,1	16,4	12,4	11,9	<b>47,0</b>	18,6	10,6
b. T2006	<b>Peysan mömmu</b> varð eftir á snúrunni.	5,0	16,0	3,9	7,8	6,1	<b>41,5</b>	12,3	9,7
c. T2086	<b>Bíllinn Jóns</b> var á sumardekkjum.	6,7	12,0	16,3	18,4	10,4	<b>45,1</b>	28,6	24,7
d. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum mömmu</b> .	8,7	4,0	2,3	4,9	3,7	<b>25,9</b>	3,6	6,5
e. T2046	Þetta er <b>boltinn pabba míns</b> .	12,5	16,0	11,8	8,7	8,9	<b>32,9</b>	19,3	10,8
f. T2010	<b>Hesturinn stráksins</b> var seldur um daginn.	12,7	6,0	17,2	7,8	12,9	<b>28,0</b>	21,4	22,8
g. T2050	<b>Nefið Magnúsar</b> er ennpá bólgíð eftir aðgerðina.	8,7	14,0	12,6	5,8	11,1	<b>29,3</b>	8,8	12,0

Tafla 13.27: *Jákvætt mat á dænum sem fela i sér Ólafsfjarðareignarfallið eða svipuð sambönd, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er greinilegt að Norðvesturland sker sig úr og þessi munur á landsvæðunum er raunar mjög vel marktækur frá tölfræðilegu sjónarmiði samkvæmt kí-kvaðratprófinu. Þau gildi sem mestu máli skipta eru sýnd í *töflu 13.28*:


Númer	Setning	kí-kvaðrat	p-gildi
a. T1039	<b>Tölvan mömmu</b> var tekin en ekki mínn.	80,71	<b>0,000</b>
b. T2006	<b>Peysan mömmu</b> varð eftir á snúrunni.	106,28	<b>0,000</b>
c. T2086	<b>Bíllinn Jóns</b> var á sumardekkjum.	77,93	<b>0,000</b>
d. T2030	Loksins fann ég þá í <b>vasanum mömmu</b> .	79,01	<b>0,000</b>
e. T2046	Þetta er <b>boltinn pabba míns</b> .	40,21	<b>0,000</b>
f. T2010	<b>Hesturinn stráksins</b> var seldur um daginn.	32,90	<b>0,003</b>
g. T2050	<b>Nefið Magnúsar</b> er ennpá bólgíð eftir aðgerðina.	41,68	<b>0,000</b>

Tafla 13.28: *Kí-kvaðratgildi og p-gildi sem sýna landshlutabundim mun á mati á dænum sem fela i sér Ólafsfjarðareignarfallið eða svipuð sambönd (sbr. töflu 13.27).*

Eins og fram kemur í *töflum 13.27 og 13.28* er munurinn á landshlutunum nokkuð mismikill eftir því hvaða dæmi eiga í hlut þótt hann sé alls staðar mjög vel marktækur (vendigildið fyrir kí-kvaðrat er 29,14 miðað við  $p = 0,01$  og 14 frelsisgráður eins og hér eru). Fyrstu þrjú dæmin fá betri dóma en önnur á Norðvesturlandi, kjarnasvæði þessa máleinkennis. Aftur á móti fá *e-dæmið* og *f-dæmið* heldur betri dóma en önnur í öðrum landshlutum.

En úr því að við finnum þennan skýra landshlutabundna mun er forvitnilegt að skoða einstaka staði því að ekki er víst að sama máli gegni um alla hluta Norðvesturlands til dæmis. Lítum fyrst á meðaleinkunn könnunarstaðanna fyrir setninguna *Tölvan mömmu var tekin en ekki min* (þ.e. *a-dæmið* í *töflu 13.27*). Með „meðaleinkunn“ er átt við meðaltalsmat fyrir þetta dæmi á hverjum stað. Ef allir þátttakendur á staðnum hefðu talið setninguna eðlilegt mál hefði meðaleinkunnin verið

3, ef allir hefðu talið hana ótæka væri meðaleinkunnin 1.<sup>8</sup> Að öðrum kosti liggur meðaleinkunnin þarna á milli. Þessar meðaleinkunnir eru sýndar á *mynd 13.1* og þar er stöðunum raðað eftir einkunnum. Þannig að sá staður sem hafði hæsta meðaleinkunn (þ.e. jákvæðasta matið af því að hér var skalanum snúið við) kemur lengst til vinstri og sá sem hafði neikvæðasta matið kemur lengst til hægri (fær lægsta meðaleinkunn):




*Mynd 13.1: Dreifing meðaleinkunna fyrir setningu T1039.*

Á þessari mynd sker Siglufjörður sig úr og næst kemur svo Sauðárkrókur. Þessir staðir eru báðir á Norðvesturlandi samkvæmt þeiri skilgreiningu sem hér var notuð svo þetta kemur ekki á óvart. Þróji staðurinn á Norðvesturlandi, Blönduós, kemur hins vegar nokkuð á eftir og sömuleiðis Dalvík (sem er nágrannabær Ólafsfjardar, en Ólafsfjörður var ekki með í þessari könnun). Síðan er merkilegt að næst á eftir aðalstöðunum tveim kemur Kirkjubæjarklaustur (á Suðurlandi) og síðan Patreksfjörður (á Vestfjörðum).

Dæmið sem nú var skoðað var úr Könnun 1 og traustleika þessarar niðurstöðu má því prófa með því að taka dæmigerðustu setningarnar úr Könnun 2, þ.e. dæmi *b*, *c* og *d* í undanfarandi töflum, t.d. *töflu 13.28* (það eru þau dæmi úr Könnun 2 sem sýndu skýrust tengsl við landshluta). *Mynd 13.2* er sams konar súlurit en nú eru „meðaleinkunnirnar“ ekki bara fyrir eina setningu heldur þau þrjú dæmi sem hér voru nefnd:

<sup>8</sup> Þetta er vegna þess að hér hefur skalanum verið „snúið við“ eins og yfirleitt er gert þegar súlurit eru birt í þessari bók, þ.e. 1 merkir „nei“ og 3 merkir „já“.

## Tilbrigði í íslenskri setningagerð II



Mynd 13.2: Dreifing meðaleinkunna fyrir setningarnar T2006, T2086 og T2030.

Þótt hér sé um önnur dæmi að ræða og aðra könnun skera tveir staðir á Norðvesturlandi sig úr eins og áður, þ.e. Síglufjörður og Sauðárkrókur. Blönduós er hins vegar ekkert sérstaklega ofarlega á blaði hér frekar en fyrr né heldur Dalvík. Siðan fylgja Patreksfjörður og Kirkjubæjarklaustur eins og áður, þótt þeir hafi reyndar skipt um sæti. Röð annarra staða er svo eithvað frábrugðin því sem var í Könnun 1, enda er svo litill munur á meðaleinkunnum þeirra að innbyrðis röð skiptir í raun engu máli.

Niðurstaðan af þessari bráðabirgðaathugun er þá sú að Ólafsfjarðareignarfallið njóti verulegrar hylli á Síglufirði, þekkist líka vel á Sauðárkróki og ástæða sé til að skoða það nánar og þá ekki síst á Patreksfirði og Kirkjubæjarklaustri.<sup>9</sup>

### 13.4.4 Samantekt

Í þessum undirkafka var fjallað um þá setningagerð sem hefur stundum gengið undir nafninu Ólafsfjarðareignarfallið þótt reyndar væri vitað að hún tiðkaðist víðar. Helstu niðurstöðu Tilbrigðaverkefnisins um þessa setningagerð má draga saman á þennan hátt:

- Meirihluti þátttakenda hafnaði þessari setningagerð (*tafla 13.23*).
- Dómar þátttakenda sýndu ekki skýra fylgni við aldur, menntun eða kyn (*töflur 13.24, 13.25 og 13.26*) þótt jákvæðir dómar væru reyndar frekar algengari hjá þeim sem höfðu minni menntun og karlar væru frekar jákvæðari en konur.
- Dómarnir sýndu mjög skýra fylgni við búsetu. Þátttakendur frá Síglufirði og Sauðárkróki skáru sig úr en setningagerðin hlaut líka nokkuð jákvæða dóma á Patreksfirði og jafnvel Kirkjubæjarklaustri (*tafla 13.27 og myndir 13.1 og 13.2*). Þetta staðfestir að nokkru leyti það sem vitað var áður, þótt vinsældir setningagerðarinnar á Patreksfirði (og Kirkjubæjarklaustri) hafi komið á óvart.

<sup>9</sup> Eins og áður var bent á var Ólafsfjörður ekki með í þessum könnunum. Hann var hins vegar með í rannsókn Gunnhildar Ottósdóttur (2006) og hún sýndi m.a. að Ólafsfjarðareignarfallið stendur föstum fótum þar en hins vegar alls ekki í nágrennabænum Dalvík. Það rímar líka við okkar niðurstöður hér.

### 13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningariðir í eignarmerkingu

#### 13.5.1 Almennt yfirlit

Tafla 13.29 sýnir hvernig þeim setningum sem hér voru á dagskrá var tekið almennt:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1042	Ertu ekki örugglega með <b>símanúmerið hjá</b> mér?	<b>81,4</b>	11,2	7,4	100	769
b. T1020	Nýja <b>bókin hjá</b> honum er alveg frábær.	<b>53,6</b>	20,8	25,6	100	767
c. T1090	Mér fannst <b>ræðan hjá</b> formanninum mjög góð.	<b>91,8</b>	5,2	3,0	100	771
d. T1064	<b>Maturinn hjá</b> henni er alltaf jafn góður.	<b>93,2</b>	4,4	3,4	100	769
e. T1028	Lengsta stökkið <b>hjá</b> Jóni kom í síðustu umferð.	<b>75,2</b>	16,7	8,1	100	770
f. T1079	<b>Viðbrögðin hjá</b> ráðherranum voru samt of hörð.	<b>81,6</b>	11,0	7,4	100	767
g. T1049	<b>Tölvan hjá</b> henni er biluð.	<b>64,4</b>	16,5	19,1	100	766
h. T1068	Er þetta ekki <b>tölvan hjá</b> Jóni?	27,6	23,7	<b>48,7</b>	100	769
i. T1004	<b>Bíllinn hjá</b> henni er í viðgerð.	31,9	19,1	<b>49,0</b>	100	769
j. T1058	Gönguskórnir <b>hjá</b> honum voru of þróngir.	39,3	19,1	<b>41,6</b>	100	765
k. T1061	Blýanturinn <b>hjá</b> honum var brotinn.	<b>50,1</b>	19,8	30,1	100	763
l. T1034	Skoðunin <b>hjá</b> henni hefur samt ekkert breyst.	<b>44,4</b>	22,5	33,1	100	768
m. T1054	Greindin <b>hjá</b> þeim er ótrúleg.	<b>67,9</b>	18,3	13,8	100	766
n. T1016	Er <b>heilsan hjá</b> henni eitthvað að skána.	<b>79,7</b>	11,5	8,8	100	768
o. T1044	Læknirinn tók mynd af <b>lungunum hjá</b> henni.	20,0	17,7	<b>62,3</b>	100	770
p. T1094	Nefið <b>hjá</b> honum er svo rosalega stórt.	21,8	11,1	<b>67,1</b>	100	768
q. T1098	Hundurinn <b>hjá</b> henni dó á dýraspítalanum í gær.	27,0	18,9	<b>54,1</b>	100	760
r. T1009	Eini vinurinn <b>hjá</b> honum er fjórum árum yngri en hann.	12,0	11,0	<b>77,0</b>	100	766
s. T1110	<b>Mamman hjá</b> honum bannar honum það.	4,2	5,2	<b>90,6</b>	100	767
t. T1074	Það gerðist í skíðaferð <b>hjá</b> fjölskyldunni.	<b>63,9</b>	17,7	18,4	100	770
u. T1023	Það er <b>áhyggjuefní hjá</b> garðyrkjabændum.	<b>81,8</b>	9,4	8,8	100	770
v. T1102	Mér fannst <b>ræðan</b> samt best <b>hjá</b> Jóni.	<b>85,4</b>	8,3	6,3	100	766
x. T1112	Hann á <b>hlut í bátnum hjá</b> mér.	<b>61,2</b>	16,8	22,0	100	762
y. T1085	<b>Bíllinn</b> er á verkstæði <b>hjá</b> honum.	29,5	20,6	<b>49,9</b>	100	762
z. T1118	Veiðistöngin brotnaði <b>hjá</b> honum.	72,7	15,6	11,7	100	762

Tafla 13.29: Mat á setningum með hjá í eignarmerkingu og skyldum dænum.

Eins og lýst var í kafla 13.1.4 var hér m.a. verið að kanna mörk þessarar notkunar á forsetningunni **hjá**. Í því skyni voru prófuð dæmi sem líklegt þótti að flestir eða allir myndu samþykka, dæmi sem líklegt var talið að flestir myndu hafna og svo allt þar á milli. Þess vegna var búist við því að dómar um setningarnar yrðu verulega mismunandi eins og tafla 13.29 sýnir. Til einföldunar má e.t.v. skipta dæmunum í þremnt: þau sem 75% eða fleiri telja eðlilegt mál, þau sem 75% eða fleiri hafna og þau sem eru umdeildari. Lítum fyrst á þau dæmi sem flestir telja eðlilegt mál:

- (13.17) a. T1042 Ertu ekki örugglega með **símanúmerið hjá** mér?
- c. T1090 Mér fannst **ræðan hjá** formanninum mjög góð.
- d. T1064 **Maturinn hjá** henni er alltaf jafn góður.
- e. T1028 Lengsta stökkið **hjá** Jóni kom í síðustu umferð.
- f. T1079 **Viðbrögðin hjá** ráðherranum voru samt of hörð.
- n. T1016 Er **heilsan hjá** henni eitthvað að skána.
- u. T1023 Það er **áhyggjuefní hjá** garðyrkjabændum.
- v. T1102 Mér fannst **ræðan** samt best **hjá** Jóni.

Í mörgum þessara dæma vízar orðið sem tekur *hjá*-liðinn með sér í eithvað sem frumlagið hefur gert eða afrekað, en það á þó ekki við þau öll. Þau dæmi sem höfðu minnst fylgi voru síðan þessi:

- (13.18) r. T1009 Eini vinurinn **hjá** honum er fjórum árum yngri en hann.  
s. T1110 **Mamman hjá** honum bannar honum það.

Þessi tvö dæmi eru kannski svolítið svipuð, þ.e. nafnorðin sem taka *hjá*-liðinn með sér tákna persónu, jafnvel venslaða. Loks voru skoðanir talsvert skiptar um eftirfarandi dæmi:

- (13.19) b. T1020 Nýja **bókin hjá** honum er alveg frábær.  
g. T1049 **Tölvan hjá** henni er biluð.  
h. T1068 Er þetta ekki **tölvan hjá** Jóni?  
i. T1004 **Billinn hjá** henni er í viðgerð.  
j. T1058 **Gönguskórnir hjá** honum voru of þröngr.  
k. T1061 **Blýanturinn hjá** honum var brotinn.  
l. T1034 **Skoðunin hjá** henni hefur samt ekkert breyst.  
m. T1054 **Greindin hjá** þeim er ótrúleg.  
o. T1044 Læknirinn tók mynd af **lungunum hjá** henni.  
p. T1094 **Nefið hjá** honum er svo rosalega stórt.  
q. T1098 **Hundurinn hjá** henni dó á dýraspítalanum í gær.  
t. T1074 Það gerðist í **skiðaferð hjá** fjölskyldunni.  
x. T1112 Hann á **hlut í bátnum hjá** mér.  
y. T1085 **Billinn** er á verkstæði **hjá** honum.  
z. T1118 **Veiðistöngin** brotnaði **hjá** honum.

Ef einhverjar breytingar eru í gangi í notkun forsetningaránnar *hjá* í eignamerkingu eða skyldum dænum er líklegast að þær komi fram í þessum „umdeildu“ dænum sem talin eru í (13.19), þ.e. þeim sem sumir samþykka en aðrir ekki. Hér á eftir verður því fyrst og fremst skoðað hvort matið á þessum dænum tengist einhverjum félagslegum breytum, svo sem aldri, menntun, kyni eða landshluta (sbr. Höskuld Þráinsson o.fl. 2013. Sjá annars nánari umfjöllun um þessi atriði hjá Einari Frey Sigurðssyni 2006 og í 19. kafla.)

### 13.5.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

#### 13.5.2.1 Aldur

Yfirlit yfir tengsl dóma um setningarnar í (13.19) við aldur er sýnt í *töfli 13.30* (bókstafamerking dæmanna er sú sama og í *töfli 13.29*):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
b. T1020	Nýja bókin hjá honum er alveg frábær.	<b>58,1</b>	58,7	51,3	45,2	.108	.003
g. T1049	Tölvan hjá henni er biluð.	64,0	61,2	<b>68,2</b>	64,0	-.017	.643
h. T1068	Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?	<b>37,1</b>	21,3	21,1	30,5	.073	.042
i. T1004	Bíllinn hjá henni er í viðgerð.	<b>37,6</b>	32,5	27,6	29,1	.069	.056
j. T1058	Gönguskórnir hjá honum voru of þróngir.	<b>52,5</b>	42,9	34,2	25,7	.207	.000
k. T1061	Blyanturinn hjá honum var brotinn.	<b>56,9</b>	50,8	44,7	47,1	.078	.031
l. T1034	Skoðunin hjá henni hefur samt ekkert breyst.	<b>55,1</b>	38,6	34,4	49,4	.078	.030
m. T1054	Greindin hjá þeim er ótrúleg.	61,7	62,2	71,9	<b>76,8</b>	-.139	.000
o. T1044	Læknirinn tók mynd af lungunum hjá henni.	<b>34,6</b>	20,3	15,1	8,0	.243	.000
p. T1094	Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.	<b>44,1</b>	19,2	10,4	11,5	.318	.000
q. T1098	Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.	<b>45,1</b>	22,8	20,1	17,6	.179	.000
t. T1074	Það gerðist í skíðaferð hjá fjölskyldunni.	62,4	<b>69,5</b>	68,2	54,5	.047	.194
x. T1112	Hann á hlut í bátnum hjá mér.	<b>68,6</b>	66,7	58,9	48,2	.154	.000
y. T1085	Bíllinn er á verkstæði hjá honum.	<b>40,7</b>	18,9	33,0	24,6	.060	.098
z. T1118	Veiðistöngin brotnaði hjá honum.	70,1	72,7	<b>78,3</b>	69,6	-.015	.670

Tafla 13.30: Jákvætt mat á setningum með hjá i eignarmerkingu og skyldum dænum, flokkað eftir aldri.

Hér má sjá að í flestum tilvikum er það yngsti aldurshópurinn sem er jákvæðastur gagnvart þessum setningum. Helsta undantekningin er m-dæmið (*greindin hjá þeim*), þar sem elsti hópurinn kann best að meta dæmið og fylgnin við aldur er mjög vel marktað. Í rúnum helmingi þeirra tilvika þar sem yngsti hópurinn er jákvæðastur er fylgnin við aldur mjög vel marktað. Þetta á m.a. við um dæmi eins og o (*lungun hjá henni*), p (*nefið hjá honum*) og q (*hundurinn hjá henni*). Þetta bendir til þess að notkunarsvið hjá í eignarmerkingu sé að víkka, líkt og gerst hefur í færeysku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012:62 o.v., Höskuld Þráinsson 2015).

Með hliðsjón af þessum niðurstöðum þótti forvitnilegt að kanna hvort yngsta kynslóðin væri kannski farin að taka hjá-liðina framyfir annars konar eignarsambönd sem hafa verið algengari til þessa. Þetta var kannað með aðstoð Námsmatsstofnumar vorið 2007 með þeim dænum sem sýnd eru í töflu 13.31:

Númer	Setning	N
N0714	<i>Ég fór til læknis í gær.</i>	871
a.	Hann vildi fá að sjá <b>hálskirtlana í mér.</b>	<b>54,0</b>
b.	Hann vildi fá að sjá <b>hálskirtlana mína.</b>	37,5
c.	Hann vildi fá að sjá <b>hálskirtlana hjá mér.</b>	8,5
N0717	<i>Þú verður að fara í klippingu.</i>	869
a.	<b>Hárið á þér er orðið alltof sítt.</b>	<b>58,6</b>
b.	<b>Hárið þitt er orðið alltof sítt.</b>	38,6
c.	<b>Hárið hjá þér er orðið alltof sítt.</b>	2,8

*Tafla 13.31: Val á milli þriggja kosta í kömmun Námsmatsstofnunar vorið 2007.*

Eins og *tafla 13.31* sýnir völdu flestir unglingsarnir í könnun Námsmatsstofnunar hefðbundna kostinn (*hálskirtlana í mér*, *hárið á mér*). Þó völdu allmargir reyndar ákveðið nafnorð með eignarfornafni (*hálskirtlana mína*, *hárið þitt*), eins og vænta mátti miðað við það sem kom fram í *töflu 13.10* hér framar.

Í *töflu 13.31* kemur fram að yngsta kynslóðin velur oftast hinar hefðbundnu forsetningar í og á fram yfir önnur eignarsambönd (ath. þó að hjá-liðir voru ekki meðal valkosta hér) þegar um er að ræða óaðskiljanlega eign eins og likamshluta (*hálskirtlar*, *hár*). Val á milli þriggja kosta í Könnun 3 skilaði svipuðum niðurstöðum eins og *tafla 13.32* sýnir:

Númer	Valkostur :	9. b					N
		20– 25	40– 45	65– 70			
ÞK 3.1	<i>Strákurinn horfði biðjandi á mig.</i>					710	
	a. Augun í honum voru full af tárum.	<b>22,5</b>	14,5	14,4	11,6		
	b. Augu hans voru full af tárum.	37,0	40,8	49,1	<b>62,2</b>		
	c. Augun hans voru full af tárum.	<b>29,0</b>	14,0	10,2	5,5		
	a og b:	4,5	<b>12,3</b>	10,8	7,3		
	a og c:	1,5	<b>3,4</b>	2,4	1,8		
	b og c:	2,5	<b>10,1</b>	6,0	5,5		
	Allir kostir:	3,0	5,0	<b>7,2</b>	6,1		
	Samtals:	100	100	100	100		

*Tafla 13.32: Val milli ólikra eignarsambanda, flokkað eftir aldrí.*

Þetta er nokkuð fróðleg tafla. Í fyrsta lagi sýnir hún að hin hefðbundna og tiltölulega formlega *b*-gerð er sú sem flestir velja í öllum aldurshópum þótt elsti hópurinn sé hrifnastur af henni. Í öðru lagi kemur fram að það er ekki bara nýjungin *c* sem fær fleiri atkvæði í yngsta hópnum en hjá öðrum aldurshópum heldur lika *a*-gerðin (sem flestir telja væntanlega ekki eins formlega og *b*-gerðina). Almennt er nokkuð skýr munur á aldurshópunum ef litið er á það hvernig þeir velja á milli kosta *a*, *b* og *c*. Loks sést hér eins og oft áður að tiltölulega fáir eru fáanlegir til að velja fleiri kosti en einn — það er kannski helst næstyngsti hópurinn sem gerir það. Fjöldi svarmöguleikanna gerir það hins vegar að verkum að það er nokkuð flókið að gera grein fyrir fylgni og marktækni hér svo það verður látið liggja milli hluta.

## 13.5.2.2 Menntun

Lítum þá næst á það hvort dómar um „umdeildu setningarnar“ í (13.19) sýna einhverja fylgni við menntun. Það kemur fram í *töflu 13.33*:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
b. T1020	Nýja bókin hjá honum er alveg frábær.	<b>57,1</b>	51,2	40,8	541	.105	.015
g. T1049	<b>Tölvan hjá</b> henni er biluð.	65,9	<b>66,1</b>	52,6	541	.045	.293
h. T1068	Er þetta ekki <b>tölvan hjá</b> Jóni?	<b>33,3</b>	18,8	14,5	541	.137	<b>.001</b>
i. T1004	<b>Bíllinn hjá</b> henni er í viðgerð.	<b>37,9</b>	28,3	14,5	541	.174	<b>.000</b>
j. T1058	Gönguskórnir <b>hjá</b> honum voru of þróngir.	<b>39,2</b>	36,3	17,3	540	.095	.027
k. T1061	<b>Blyanturinn hjá</b> honum var brotinn.	<b>56,0</b>	46,1	28,9	538	.141	<b>.001</b>
l. T1034	Skoðunin <b>hjá</b> henni hefur samt ekkert breyst.	<b>51,1</b>	38,3	15,8	540	.258	<b>.000</b>
m. T1054	<b>Greindin hjá</b> þeim er ótrúleg.	<b>74,9</b>	71,4	47,4	542	.146	<b>.001</b>
o. T1044	Læknirinn tók mynd af <b>lungunum hjá</b> henni.	<b>20,8</b>	13,4	7,9	542	.100	.020
p. T1094	Nefið <b>hjá</b> honum er svo rosalega stórt.	<b>15,8</b>	13,4	11,8	542	.083	.054
q. T1098	<b>Hundurinn hjá</b> henni dó á dýraspítalanum í gær.	<b>25,0</b>	19,7	6,7	534	.147	<b>.001</b>
t. T1074	Það gerðist í skíðaferð <b>hjá</b> fjölskyldunni.	<b>67,2</b>	64,0	63,2	542	.024	.582
x. T1112	Hann á <b>hlut í bátnum hjá</b> mér.	<b>61,9</b>	57,2	56,2	537	.025	.571
y. T1085	<b>Bíllinn</b> er á verkstæði <b>hjá</b> honum.	<b>30,3</b>	24,5	12,0	535	.119	<b>.006</b>
z. T1118	Veiðistöngin brotnaði <b>hjá</b> honum.	73,3	<b>73,9</b>	71,2	536	.002	.966

*Tafla 13.33: Jákvætt mat á eignarsamböndum með hjá, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér sést að það eru næstum alltaf þeir sem minnsta menntun hafa sem eru jákvæðastir gagnvart þessari setningagerð og í um helmingi tilvika eru þessi tengsl við menntun mjög vel marktaek frá tölfraðilegu sjónarmiði þótt þau séu tiltölulega veik (*r* er aðeins í einu tilviki hærra en 0,2, en 0,3 telst meðalsterk fylgni, sbr. t.d. Field 2005:32). Af *töflu 13.30* mátti ráða að notkun **hjá** í þessu hlutverki væri að færast í aukana og ef þetta er nýjung í þeim skilningi þykir þeim eldri þetta e.t.v. óformlegt mál. Þeir sem meiri menntun hafa gætu þá verið liklegri en hinir til að telja slikt mál vafasamt þótt brýnt væri fyrir þáttakendum í könnuninni að miða dóma sína einkum við óformlegt talmál. Nú er auðvitað hugsanlegt að einhverjir fleiri þættir hafi áhrif á þessa fylgni. Eins og fram kom í kafla 13.5.2.1 sýna dómar um margar af þessum setningum greinilega fylgni við aldur. Þess vegna er ómaksins vert að skoða hvort aldursflokkunin hefur áhrif hér þótt yngsta aldurshópnum hafi verið sleppt úr. Þetta var prófað sérstaklega fyrir þær setningar sem mesta fylgni sýndu ( $p < 0,01$ ) og niðurstaðan er sýnd í *töflu 13.34*:<sup>10</sup>

<sup>10</sup> Eins og áður var hér notuð eftirfarandi aðferð í SPSS: *Analyze > Correlate > Partial* og síðan *Controlling for Aldursflokkur*.

Númer	Setning	r	p
h. T1068	Er þetta ekki <b>tölvan hjá</b> Jóni?	.140	.001
i. T1004	<b>Bíllinn hjá</b> henni er í viðgerð.	.189	.000
k. T1061	<b>Blýanturinn hjá</b> honum var brotinn.	.151	.000
l. T1034	Skoðunin <b>hjá</b> henni hefur samt ekkert breyst.	.260	.000
m. T1054	<b>Greindin hjá</b> þeim er ótrúleg.	.119	.006
o. T1044	Læknirinn tók mynd af <b>lungunum hjá</b> henni.	.141	.001
q. T1098	<b>Hundurinn hjá</b> henni dó á dýraspítalanum í gær.	.167	.000
y. T1085	<b>Billinn</b> er á verkstæði <b>hjá</b> honum.	.116	.007

Tafla 13.34: Nánari útreikningur á fylgni dóma um nokkur eignarsambönd með hjá við menntun. Yngsta aldurshóp sleppt og áhrif frekari aldursflokkunar á fylgni við menntun útilokuð.

Ef tölurnar í töflu 13.33 og töflu 13.34 eru bornar saman sést að þær eru mjög svipaðar. Fylgnin við menntun er mjög vel marktæk jafnvel þótt frekari áhrif aldurs séu útilokuð eins og gert er í töflu 13.34. Það bendir til þess að fylgnin við menntun sé raunveruleg.

### 13.5.2.3 Kyn

Í töflu 13.35 er sýnt að hvaða marki dómar þáttakenda um þessar setningar sýndu fylgni við kyn:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
b. T1020	Nýja <b>bókin hjá</b> honum er alveg frábær.	<b>57,6</b>	49,3	767	.084	.020
g. T1049	<b>Tölvan hjá</b> henni er biluð.	<b>67,6</b>	61,0	766	.064	.078
h. T1068	Er þetta ekki <b>tölvan hjá</b> Jóni?	27,5	<b>27,7</b>	769	-.009	.799
i. T1004	<b>Bíllinn hjá</b> henni er í viðgerð.	<b>35,4</b>	28,1	769	.061	.091
j. T1058	<b>Gönguskórnir hjá</b> honum voru of þróngir.	<b>44,0</b>	34,4	765	.095	.009
k. T1061	<b>Blýanturinn hjá</b> honum var brotinn.	<b>54,2</b>	45,7	763	.071	.051
l. T1034	Skoðunin <b>hjá</b> henni hefur samt ekkert breyst.	42,5	<b>46,4</b>	768	-.044	.225
m. T1054	<b>Greindin hjá</b> þeim er ótrúleg.	67,8	<b>68,0</b>	766	.003	.924
o. T1044	Læknirinn tók mynd af <b>lungunum hjá</b> henni.	20,7	19,3	770	.009	.801
p. T1094	Nefið <b>hjá</b> honum er svo rosalega stórt.	<b>23,5</b>	20,1	768	.058	.108
q. T1098	<b>Hundurinn hjá</b> henni dó á dýraspítalanum í gær.	<b>29,4</b>	24,4	760	.050	.172
t. T1074	Það gerðist í <b>skíðaferð hjá</b> fjölskyldunni.	<b>64,6</b>	63,2	770	.011	.762
x. T1112	Hann á <b>hlut í bátnum hjá</b> mér.	<b>61,2</b>	61,1	762	.012	.738
y. T1085	<b>Billinn</b> er á verkstæði <b>hjá</b> honum.	<b>33,1</b>	25,7	762	.056	.125
z. T1118	<b>Veiðistöngin</b> brotnaði <b>hjá</b> honum.	<b>74,5</b>	70,8	762	.037	.304

Tafla 13.35: Jákvætt mat á dænum með hjá í eignarmerkingu, flokkað eftir kyni þáttakenda.

Eins og þessi tafla sýnir eru karlarnir yfirleitt heldur jákvæðari gagnvart þessum setningum en fylgni við kyn er mjög veik og ekki marktæk við  $p \leq 0,01$  markið nema í einu tilviki (j-dæmið: *gönguskórnir hjá*). Það er ekki hægt að draga miklar ályktanir af því.

## 13.5.3 Tengsl við búsetu

Að síðustu skoðum við tengsl við búsetu eins og venjulega. Yfirlit yfir þau er sýnt í töflu 13.36:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
b. T1020	Nýja bókin hjá honum er alveg frábær.	39,4	61,1	<b>63,1</b>	55,2	54,1	52,4	54,2	52,6
g. T1049	Tölvan hjá henni er biluð.	51,4	61,1	<b>77,1</b>	65,4	66,9	66,3	61,0	62,8
h. T1068	Er þetta ekki tölvan hjá Jóni?	20,7	27,8	35,1	30,2	25,4	31,7	<b>36,2</b>	19,5
i. T1004	Bíllinn hjá henni er í viðgerð.	27,0	35,2	36,0	35,2	27,8	34,9	<b>39,0</b>	26,5
j. T1058	Gönguskórnir hjá honum voru of þróngir.	28,8	<b>57,4</b>	48,2	33,7	37,3	39,8	50,0	34,2
k. T1061	Blyanturinn hjá honum var brotinn.	39,4	55,6	<b>61,5</b>	47,6	46,3	53,7	58,6	46,4
l. T1034	Skoðunin hjá henni hefur samt ekkert breyst.	39,6	48,1	<b>52,7</b>	44,2	47,0	41,0	45,8	38,1
m. T1054	Greindin hjá þeim er ótrúleg.	50,5	57,4	74,5	70,5	69,9	73,5	<b>74,6</b>	70,8
o. T1044	Læknirinn tók mynd af lungunum hjá henni.	17,1	<b>29,6</b>	27,9	18,1	14,2	24,1	17,2	17,5
p. T1094	Nefið hjá honum er svo rosalega stórt.	22,0	27,8	27,9	15,1	14,2	31,3	<b>32,2</b>	16,1
q. T1098	Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.	20,4	32,1	<b>36,0</b>	31,4	22,7	25,6	34,5	19,8
t. T1074	Það gerðist í skíðaferð hjá fjölskyldunni.	58,6	59,3	67,6	63,2	68,7	62,2	<b>76,3</b>	57,5
x. T1112	Hann á hlut í bátnum hjá mér.	51,9	71,7	70,6	55,7	56,7	63,8	<b>79,7</b>	54,9
y. T1085	Bíllinn er á verkstæði hjá honum.	26,4	30,2	<b>40,9</b>	22,9	32,1	23,2	32,1	27,7
z. T1118	Veiðistöngin brotnaði hjá honum.	66,7	71,7	<b>81,8</b>	68,3	72,4	70,4	79,7	72,6

Tafla 13.36: *Jákvætt mat á daemum með hjá í eignarmerkingu, flokkað eftir landshlutum.*

Þessi tafla sýnir nokkurn mun á landshlutum og setningarnar fá besta dóma á Suðurlandi (7 tilvik), Vestfjörðum (6 tilvik) eða Reykjanesi (2 tilvik). Við höfum áður séð daemi um að Reykjanes sé í fararbroddi í nýjungum en það kemur nokkuð á óvart að Suðurland og Vestfirðir skuli fylgjast að með þessum hætti. Sterkasta fylgnin við landshluta er sýnd í töflu 13.37 (vendigildið fyrir kí-kvaðrat fyrir 14 frelsisgráður eins og eru hér er 23,68 miðað við  $p = 0,05$  og 29,14 miðað við  $p = 0,01$ ):

Númer	Setning	kí-kvaðrat	p-gildi	mest metin á
m. T1054	Greindin hjá þeim er ótrúleg.	31,37	0,005	Vestf
o. T1044	Læknirinn tók mynd af <b>lungunum hjá</b> henni.	32,65	0,003	Rnesi
q. T1098	Hundurinn hjá henni dó á dýraspítalanum í gær.	41,71	0,000	Suðurl
x. T1112	Hann á hlut í bátnum hjá mér.	31,38	0,005	Vestf
y. T1085	Billinn er á verkstæði hjá honum.	32,19	0,004	Suðurl

Tafla 13.37: *Kí-kvaðratgildi og p-gildi sem sýna tölfraðilega marktækan ( $p \leq 0,01$ ) landshlutabundinn mun á mati á dænum með hjá í eignarmerkingu (sbr. töflu 13.36).*

Það gæti verið áhugavert að fylgjast áfram með þróun þessarar setningagerðar.

#### 13.5.4 Samantekt

Helstu atriðin í því sem hér hefur verið rakið um notkun forsetninga í eignarsamböndum, og þá einkum forsetningarinnar *hjá*, má draga saman á þessa leið:

- Kannað var hvort þáttakendur teldu eðlilegt að nota forsetninguna *hjá* í mörgum setningagerðum. Dómarnir fóru einkum eftir því hvaða nafnorð tók *hjá-liðinn* með sér. Eins og sjá má af *töflu 13.29* má skipta dæmunum í þrjá flokka. Í fyrsta flokki eru dæmi sem flestallir sættu sig við (t.d. *símanúmerið hjá*, *ræðan hjá* ...), í öðrum flokki eru dæmi sem flestallir hafna (t.d. *vinurinn hjá*, *mamman hjá*) og í þriðja flokki eru svo dæmi sem sumir telja eðlilegt en aðrir ekki (sjá (13.19)).
- Ef litið er nánar á þau dæmi sem skoðanir eru skiptar um kemur í ljós að dómar um þau tengjast í mjög mörgum tilvikum aldri þáttakenda: Þeir yngri eru mun liklegri til að samþykkja þessi dæmi en þeir eldri (*tafla 13.30*). Það merkir þó ekki að ungt fólk noti ekki annars konar forsetningar (t.d. *i eða á*) eða aðrar formgerðir til að tákna eign þegar það á við (sjá t.d. *töflur 13.31* og *13.32*).
- Þeir sem minni menntun hafa eru líka að öðru jöfnu liklegri til að samþykkja umdeild dæmi með *hjá* í eignarmerkingu (*töflur 13.33* og *13.34*).
- Kyn þáttakenda hefur yfirleitt lítil áhrif á dóma þeirra um þessa setningagerð þótt karlar séu yfirleitt heldur liklegri en konur til að telja hana eðlilegt mál (*tafla 13.35*).
- Dómar þáttakenda sýna að jafnaði ekki skýr tengsl við búsetu þeirra þótt í nokkrum tilvikum sé þar hægt að finna tölfraðilega marktæk tengsl (*töflur 13.36* og *13.37*).

### 13.6 Eignarfall persónuornafns og eignarfornafn í tengdum liðum

#### 13.6.1 Almennt yfirlit

Í töflu 13.38 er gefið almennt yfirlit yfir dóma um þá setningagerð sem hér er á dagskrá:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2048	Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans <b>og mín.</b>	27,1	27,1	<b>45,8</b>	100	750
b. T2058	Þær voru kynntar á fundi skólastjórans <b>og mínum.</b>	11,2	19,4	<b>69,4</b>	100	748
c. T2068	Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar <b>og mín.</b>	23,5	25,4	<b>51,1</b>	100	749
d. T2078	Það veldur andstöðu stjórnarinnar <b>og minni.</b>	19,0	23,5	<b>57,5</b>	100	748
e. T2088	Þær mótuðu afstöðu Stefáns <b>og mín.</b>	32,0	23,7	<b>44,3</b>	100	752
f. T2098	Það hefur áhrif á afstöðu stjórnarinnar <b>og mína.</b>	31,3	24,3	<b>44,4</b>	100	752
g. T2108	Hún var mjög fróðleg að mati höfundar <b>og mín.</b>	29,3	25,6	<b>45,1</b>	100	748
h. T2118	Hún er vel gerð að mati gagnrýnenda <b>og mínu.</b>	22,2	24,9	<b>52,9</b>	100	750

Tafla 13.38: Mat á dæmum með eignarfalli persónuornafns eða beygðu eignarfornafni i tengdum liðum.

Eins og sjá má er hér um fjögur setningapör að ræða og þau eru nálægt því að vera lágmarkspör. Það sem vekur fyrst athygli er það að engin setninganna fær verulega góða dóma og þeir eru alltaf mun fleiri sem hafna hverjum kosti en þeir sem telja hann eðlilegt mál. Þeir eru líka mjög margir í öllum tilvikum sem telja setningarnar vafasamar, víða um 25%. Það er mun meira en venjulegt er. Það er því greinilegt að þessar setningar valda þátttakendum verulegum erfiðleikum, enda er það væntanlega í samræmi við tilfinningu margra lesenda fyrir þessum dæmum. Hins vegar eru þeir alls staðar heldur fleiri sem samþykkja eignarfallið af persónuornafni (fyrri kosturinn í hverju pari) en þeir sem telja eignarfornafnið eðlilegt mál. Það kemur nokkuð á óvart.<sup>11</sup>

#### 13.6.2 Tengsl við aldur, meintun og kyn

##### 13.6.2.1 Aldur

Úr því að málnotendur virðast í svona miklum vafa um þessi dæmi sem hér eru á dagskrá er ekki óliklegt að einhver munur sé á mati aldurshópanna, þ.e. að önnur gerðin sé í sókn og hin á undanhaldi. Tafla 13.39 ætti að gefa vísbendingu um það:

<sup>11</sup> Trúlega hefði könnun á verkaskiptingu eignarfalls annarrar persónu (*þín*) og eignarfornafns annarrar persónu (*þínum, þinni, þína, þínu ...*) gefið svipaðar niðurstöður en það var ekki kannað.

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2048	Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans <b>og míni.</b>	26,0	12,9	32,0	<b>40,5</b>	-.182	.000
b. T2058	Þær voru kynntar á fundi skólastjórans <b>og mínum.</b>	<b>17,3</b>	5,4	8,7	14,2	.044	.232
c. T2068	Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar <b>og míni.</b>	20,1	17,2	25,4	<b>33,3</b>	-.129	.000
d. T2078	Það veldur andstöðu stjórnarinnar <b>og minni.</b>	19,0	13,9	14,4	<b>31,2</b>	-.071	.053
e. T2088	Þær mótuðu afstöðu Stefáns <b>og míni.</b>	28,2	24,6	35,4	<b>42,1</b>	-.110	.003
f. T2098	Það hefur áhrif á afstöðu stjórnarinnar <b>og mína.</b>	30,6	25,1	<b>35,2</b>	35,0	-.036	.323
g. T2108	Hún var mjög fróðleg að mati höfundar <b>og míni.</b>	28,7	21,8	28,9	<b>40,1</b>	-.109	.003
h. T2118	Hún er vel gerð að mati gagnrýnenda <b>og mínu.</b>	<b>30,3</b>	15,8	18,6	24,7	.064	.082

Tafla 13.39: *Jákvætt mat á dænum með eignarfalli persónuformafns eða beygðu eignarfornafni í tengdum liðum, flokkað eftir aldri.*

Hér er það alls staðar elsti hópurinn sem er hrifnastur af fyrra dæminu í hverju pari, þ.e. dæminu með eignarfalli af fornafni fyrstu persónu. Þessi fylgni við aldur er alls staðar mjög vel marktæk þótt þeir yngstu séu reyndar yfirleitt heldur hrifnari af þessum dænum en þeir næstyangstu. Seinni gerðin sýnir síðan enga marktæka fylgni við aldur.

#### 13.6.2.2 Menntun

Skoðum næst hvort finna má einhverja fylgni milli dóma þátttakenda og menntunar þeirra. Það má sjá af *töflu 13.40*:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2048	Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans <b>og míni.</b>	<b>38,0</b>	22,9	18,7	469	.107	.020
b. T2058	Þær voru kynntar á fundi skólastjórans <b>og mínum.</b>	<b>12,3</b>	7,3	7,7	469	.100	.031
c. T2068	Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar <b>og míni.</b>	<b>34,6</b>	20,5	13,2	470	.208	.000
d. T2078	Það veldur andstöðu stjórnarinnar <b>og minni.</b>	<b>23,4</b>	14,9	15,4	467	.073	.115
e. T2088	Þær mótuðu afstöðu Stefáns <b>og míni.</b>	<b>37,7</b>	31,6	22,0	471	.136	.003
f. T2098	Það hefur áhrif á afstöðu stjórnarinnar <b>og mína.</b>	35,4	27,6	<b>36,7</b>	470	.024	.597
g. T2108	Hún var mjög fróðleg að mati höfundar <b>og míni.</b>	<b>30,2</b>	28,0	20,2	468	.125	.007
h. T2118	Hún er vel gerð að mati gagnrýnenda <b>og mínu.</b>	<b>24,6</b>	16,8	13,2	471	.122	.008

Tafla 13.40: *Jákvætt mat á dænum með með eignarfalli persónuformafns eða beygðu eignarfornafni í tengdum liðum, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér eru það í flestum tilvikum þeir sem minnsta menntun hafa sem kunna best að meta dæmin, hvor gerðin sem er. Þótt fylgnin við menntun sé veik er hún vel marktæk frá tölfræðilegu sjónarmiði í nokkrum tilvikum, m.a.s. fyrir báðar gerðir í síðasta parinu. Þar sem nokkur fylgni við aldur kom fram hér á undan er rétt að skoða hvort aldursflokkunin kunni að hafa einhver áhrif þegar fylgni við menntun er skoðuð, jafnvel þótt yngsta aldurshópnum hafi verið sleppt eins og venjulega í útreikningum á fylgni við menntun. Í *töflu 13.41* kemur fram hvort fylgnin breytist eithvað þar sem hún var mest ef frekari áhrif aldurshópanna eru útilokuð:<sup>12</sup>

Númer	Setning	r	p
a. T2048	Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans <b>og mín.</b>	.068	.141
c. T2068	Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar <b>og mín.</b>	.187	.000
e. T2088	Þær mótuðu afstöðu Stefáns <b>og mín.</b>	.113	.014
g. T2108	Hún var mjög fróðleg að mati höfundar <b>og mín.</b>	.092	.046
h. T2118	Hún er vel gerð að mati gagnrýnenda <b>og mínu.</b>	.105	.023

*Tafla 13.41:* Nánari útreikningar á fylgni milli menntunar og dóma um setningar með með eignarfalli persónuformafins eða beygðu eignarfornafni í tengdum liðum. Yngsta aldurshóp sleppt og frekari áhrif aldursflokkunar á fylgni við menntun útilokuð.

Með samanburði á *töflu 13.41* og *töflu 13.40* má sjá að fylgnitalan lækkar alls staðar ef áhrif aldursflokkanna eru útilokuð og sú fylgni við menntun sem eftir stendur er aðeins marktæk við  $p \leq 0,01$  markið í einu tilviki (en reyndar marktæk við  $p \leq 0,05$  markið í öllum hinum tilvikunum nema einu). Hér sjáum við því aftur dæmi þess að nauðsynlegt getur verið að skoða víxlverkun félagslegra breyta.

### 13.6.2.3 Kyn

Í *töflu 13.42* er sýnt hvort karlar og konur meta þessi dæmi á ólíkan hátt:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2048	Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans <b>og mín.</b>	31,6	22,7	750	.075	.040
b. T2058	Þær voru kynntar á fundi skólastjórans <b>og mínum.</b>	10,7	11,7	748	-.058	.113
c. T2068	Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar <b>og mín.</b>	25,7	21,4	749	.024	.508
d. T2078	Það veldur andstöðu stjórnarinnar <b>og minni.</b>	20,3	17,8	748	.022	.541
e. T2088	Þær mótuðu afstöðu Stefáns <b>og mín.</b>	35,6	28,7	752	.075	.040
f. T2098	Það hefur áhrif á afstöðu stjórnarinnar <b>og mína.</b>	33,8	28,8	752	.032	.375
g. T2108	Hún var mjög fróðleg að mati höfundar <b>og mín.</b>	28,6	29,9	748	-.014	.700
h. T2118	Hún er vel gerð að mati gagnrýnenda <b>og mínu.</b>	23,2	21,1	750	.016	.653

*Tafla 13.42:* Jákvaett mat á dæmum með eignarfalli persónuformafins eða beygðu eignarfornafni í tengdum liðum, flokkað eftir kyni þátttakenda.

<sup>12</sup> Eins og áður er þetta skoðað með *Analyze > Correlate > Partial* og síðan *Controlling for Aldursflokkur* í tölfræðiforritinu.

Eins og þessi tafla sýnir er yfirleitt litill munur á dóum kynjanna og hann er hvergi marktækur við  $p \leq 0,01$  markið.

#### 13.6.3 Tengsl við búsetu

Að síðustu má svo kenna hvort dómar þáttakenda eru eithvað mismunandi eftir landshlutum. Það er sýnt í *töflu 13.43*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2048	Þær voru svo ræddar á fundi forstjórans <b>og míni</b> .	19,0	26,0	34,6	32,0	22,6	24,4	17,5	<b>35,5</b>
b. T2058	Þær voru kynntar á fundi skólastjórans <b>og mínum</b> .	8,7	8,0	<b>15,6</b>	11,7	9,0	11,1	10,5	13,0
c. T2068	Það hafði áhrif á afstöðu nefndarinnar <b>og míni</b> .	17,3	16,0	27,1	23,5	25,6	<b>28,0</b>	22,8	22,8
d. T2078	Það veldur andstöðu stjórnarinnar <b>og minni</b> .	15,5	12,0	20,2	20,6	19,3	<b>23,8</b>	12,5	22,6
e. T2088	Þær mótuðu afstöðu Stefáns <b>og míni</b> .	26,9	28,6	<b>43,8</b>	33,0	24,4	40,2	21,4	32,3
f. T2098	Það hefur áhrif á afstöðu stjórnarinnar <b>og mína</b> .	26,9	26,0	31,0	35,0	32,8	29,3	24,6	<b>38,7</b>
g. T2108	Hún var mjög fróðleg að mati höfundar <b>og míni</b> .	26,5	26,0	34,6	27,5	29,3	28,0	<b>35,7</b>	25,8
h. T2118	Hún er vel gerð að mati gagnrýnenda <b>og mínu</b> .	19,0	<b>28,0</b>	27,7	18,4	21,2	23,5	19,3	20,7

Tafla 13.43: *Jákvætt mat á dænum með eignarfalli persónuformafns eða beygðu eignarformafni í tengdum liðum, flokkað eftir landshlutum.*

Tölurnar í *töflu 13.43* sveiflast nokkuð frá einum landshluta til annars, en ekki er hlaupið að því að sjá eitthvert mynstur út úr þeim tölum. Munurinn er reyndar tölfraðilega marktækur við  $p \leq 0,01$  markið í *e-dæminu* (kí-kvaðratgildi 34,24,  $p = 0,002$ ) og við  $p \leq 0,05$  markið fyrir *a-dæmið* (kí-kvaðratgildi 26,54,  $p = 0,022$ ) en aðrar tölur eru ekki marktækar (vendigildið fyrir 14 frelsisgráður er 23,68 miðað við  $p = 0,05$  og 29,14 miðað við  $p = 0,01$ ).

#### 13.6.4 Samantekt

Helstu niðurstöður um notkun eignarfalls af fornafni fyrstu persónu „í stað“ eignarformafns í tengdum liðum má þá draga saman á þessa leið:

- Þær setningagerðir sem hér voru skoðaðar félle þáttakendum ekki sérstaklega vel í geð og margir höfnuðu báðum tilbrigðunum í hverju tilviki. Þeir voru þó jafnan heldur fleiri sem sættu sig við eignarfallið af persónuformafninu en beygða eignarformafnið (*tafla 13.38*).
- Eins og sjá má af *töflu 13.39* voru þeir eldri yfirleitt hrifnari en þeir yngri af eignarfalli persónuformafnsins. Þessi „óvænta setningagerð“ virðist því ekki vera nein nýjung.

### 13.7 Lokaorð

Í þessum kafla var fjallað um fjölmög atriði tengd eignarsamböndum. Þetta var gert í aðskildum undirköflum og hér má vísa í samantekt helstu atriða í lok hvers undirkafka og tæplega ástæða til að endurtaka mikið af því hér þar sem setningagerðirnar eru af ýmsum toga. Skýrustu eða athyglisverðustu niðurstöðurnar má þó telja þessar:

- Þótt flestir leyfi bæði undansett og eftirsett eignarfornafn/eignarfall i eignarsamböndum er það eftirsetta þó greinilega það hlutlausa og það undansetta gengur ekki alltaf (*tafla 13.1*).
- Yngri þáttakendur virðast ekki liklegri til þess en aðrir að samþykkja undansett eignarfall/eignarfornafn. Sú setningagerð virðist því ekki vera í sókn.
- Eldri aldurshópar eru hrifnari af því en yngri að hafa greinislaut stýrinafnorð með eignarfallseinkunn þegar nafnorðið táknað eitthvað hlutstætt, t.d. *hestur Mariu, kápa mömmu* (*tafla 13.9*).
- Þegar um er að ræða óaðskiljanlega eign vilja yngri aldurshóparnir mun frekar en þeir eldri hafa stýrinafnorðið með greini, þ.e. *hárið pitt* fremur en *hár pitt* o.s.frv. (*tafla 13.10*).
- Ólafsfjarðareignarfallið svokallaða, t.d. *tölvan mömmu, bíllinn Jóns*, reyndist vinsælast á Norðvesturlandi, nánar tiltekið á Sigrufirði og að nokkru leyti lika á Sauðárkróki, en það virðist lika þekkt á Patreksfirði og Kirkjubæjarklaustri (*töflur 13.27 og 13.28, myndir 13.1 og 13.2*).<sup>13</sup>
- Notkun *hjá* í eignarmerkingu, t.d. *tölvan hjá mér*, virðist vera í sókn, þótt enmþá séu hömlur á notkuninni (*tafla 13.30*). Forsetningin gengur t.d. ekki með skyldleikaorðum eins og *mamman hjá*. Yngsti aldurshópurinn getur notað forsetninguna *hjá* í fleiri samböndum en aðrir aldurshópar, t.d. *nefið hjá, hundurinn hjá*.
- Þeir sem hafa minni menntun eru heldur liklegri en aðrir til að telja *hjá* í eignarmerkingu eðlilegt mál (*töflur 13.3 og 13.4*).
- Í dænum eins og *á fundi forstjórans og mínum/mínunum* er algengt að málnotendur sætti sig við hvorugan kostinn. Elsta kynslóðin er þó liklegri en aðrar til að samþykkja eignarfall persónufornafnsins (þ.e. *á fundi forstjórans og míni*, sbr. *töflu 13.39*). Hér virðist því ekki vera um neina nýjung að ræða.

Um *hjá*-liði í eignarmerkingu og um Ólafsfjarðareignarfallið er svo fjallað nánar í kafla 19 (í III. bindi) og ritum sem þar er vísað til.

### Rit sem vísað er til í þessum kafla

Delsing, Lars-Olof. 1993. *The Internal Structure of Noun Phrases in the Scandinavian Languages*. A Comparative Study. Doktorsritgerð, Háskólanum í Lund, Lund.

Delsing, Lars-Olof. 2003. Syntaktisk variation i nordiska nominalfraser. Øystein Vangsnes, Anders Holmberg og Lars-Olof Delsing (ritstj.): *Dialektsyntaktiska studier av den nordiska nominalfrasen*, bls. 11–64. Novus, Oslo.

Einar Freyr Sigurðsson. 2006. *Tölvan hjá mér er biluð*. Notkun forsetningarinnar *hjá* í eignarmerkingu. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Field, Andy. 2005. *Discovering Statistics Using SPSS* (and Sex, Drugs and Rock 'n' Roll). 2. útg. Sage Publications, London.

<sup>13</sup> Þetta var ekki kannað á Ólafsfirði að þessu sinni, en Gunnhildur Ottósdóttir (2006) bar setningar af þessu tagi undir dóm Olafsfirðinga og fékk staðfestingu á því að setningagerðin tíðkaðist þar, eins og áður var nefnt, og sömuleiðis Guðjón Ragnar Jónasson (2008).

- Friðrik Magnússon. 1984. Um innri gerð nafnliða í íslensku. *Íslenskt mál* 6:81–111.
- Guðjón Ragnar Jónasson. 2008. *Ólafsfírska*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnhildur Ottósdóttir. 2006. „Ólafsfjarðareignarfallið.“ Eignarsambönd í íslensku með áherslu á eitt lítið mállyskuafbrigði. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1993. The Structure of the Icelandic NP. *Studia Linguistica* 47:177–197.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2006. The Icelandic Noun Phrase: Central traits. *Arkiv för nordisk filologi* 121:193–236.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhoffundur Höskuldur Þráinsson. Meðhofundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal.
- Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2015. Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð. Turið Sigurðardóttir og María Anna Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur* 8. Fróðskapur, Þórshöfn.
- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarssdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. 2013. Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál* 35:57–127.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Tórshavn, og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Fyrst útg. 2004 hjá Føroya Fróðskaparfelagi, Tórshavn.]
- Johannessen, Janne Bondi. 2008. The Pronominal Psychological Demonstrative in Scandinavian. Its Syntax, Semantics and Pragmatics. *Nordic Journal of Linguistics* 31(2):161–192.
- Julien, Marit. 2005. *Nominal Phrases from a Scandinavian Perspective*. John Benjamins, Amsterdam.
- Pfaff, Alexander Peter. 2015. Adjectival and Genitival Modification in Definite Noun Phrases in Icelandic. *A Tale of Outsiders and Inside Jobs*. Doktorsritgerð, University of Tromsø, Tromsø.
- Wood, Jim. 2009. Icelandic Imposters and the Proprial Article. *NYU Working Papers in Linguistics* 2.

## SUMMARY

This chapter gives an overview of variation in a wide variety of possessive constructions. Since relatively few of the descriptive issues will be familiar to those who do not speak Icelandic, it is not easy to summarize the results in an intelligible fashion for such readers. For overviews of descriptive and theoretical issues having to do with the internal structure of the Icelandic NP (or DP) the reader is referred to Delsing 1993, 2003, Halldór Ármann Sigurðsson 1993, 2006, Julien 2005 and Höskuldur Þráinsson 2007:88ff.).

The results of the statistical survey reported on here are summarized below:

- **Position of the possessive pronoun** (or a possessive genitive) within the NP (or DP):

- Most speakers accept **both prenominal and postnominal** possessives, although the postnominal position is the default and the prenominal one typically requires special context (*table 13.1*).
- There is **no clear difference between age groups** in this respect. Thus there is no reason to maintain, for instance, that the prenominal position is gaining ground because of influence from the neighboring languages (*table 13.2*).
- **Interaction between the definite article possessive pronouns** and possessive genitives:
  - When the head noun of a possessive phrase denotes something abstract, e.g. ‘idea’ or some such, this noun typically appears without the definite article (e.g. *hugmynd min* lit. “idea my”, i.e. ‘my idea’). If the noun denotes something concrete, e.g. ‘house’, it may or may not take the definite article (i.e. *hús/húsið mitt*, lit. “house/the-house my”). **Older speakers** are more likely to accept the variant without the definite article (*tables 13.9, 13.32*) whereas younger speakers are more likely to use the definite article in constructions of this sort, even in constructions having to do with inalienable possession (like *hárið pitt*, lit. “the-hair your”, *augun hans* “the-eyes his”).
- The so-called “preproprietary article” (cf. Delsing 1993:54–55, see also the discussion in Johannessen 2008) is normally used in possessive constructions like *billinn hennar Mariu* lit. “the-car her(G) Mary(G)” (i.e. ‘Mary’s car’) and *tölvan hans pabba* lit. “the-computer his(G) dad(G)” (i.e. ‘dad’s computer’). It was known, however, that in certain parts of Northern Iceland it is common to leave out the preproprietary article in constructions of this sort, yielding *billinn Mariu* and *tölvan pabba* instead of the examples just given.
  - The expected **geographical distribution of this phenomenon was largely confirmed** (*tables 13.27, 13.28, figures 13.1, 13.2*), although it is apparently also found in a couple of places not geographically connected to the area where this is most common. This phenomenon turned out to be **virtually the only syntactic variant studied that had a clear correlation with a particular geographical area**.
- Some languages have a “default” possessive preposition. The preposition *of* in English has this function to some extent. In Icelandic, on the other hand, one often uses different “locative” prepositions in this role, e.g. *pakið á húsinu* ‘the roof of the house’ (lit. “the roof on the house”), *augun í tigrisdýrinu* ‘the eyes of the tiger’ (lit. “the eyes in the tiger”), etc. In Faroese the preposition *hjá* ‘at, with’ is increasingly taking on the kind of a default possessive role that *of* has in English and it is actually used much more widely than English *of* since the morphological genitive in Faroese is not really syntactically productive (cf. Höskuldur Þráinsson et al. 2012:62 *passim*). We had some reason to believe that the cognate preposition *hjá* in Icelandic was also gaining ground in this role and it turned out that it is:
  - Although there are still severe **restrictions on the use of *hjá*** as a possessive marker in Icelandic (*table 13.29*) it is clear that it is **on the increase** in this role. It is much less restricted in the language of the younger generations (*table 13.30*).
- The final possessive construction surveyed has to do with the division of labor between possessive pronouns and the genitive of personal pronouns. Icelandic has possessive pronouns in the first and second person, i.e. *minn* ‘my’ and *binn*

‘your’. These agree in gender, case and number with the noun that they modify. Thus it is *hesturinn minn*, *bókin míni*, *húsið mitt* ‘my horse, my book, my house’, where *minn* is masculine (because ‘horse’ is masculine), *míni* is feminine (because ‘book’ is feminine) and *mitt* is neuter (because ‘house’ is neuter), etc. In third person the genitive of the relevant personal pronoun is used in possessive construction (except when a reflexive possessive is called for) and this genitive is invariant and does not show any agreement (for a basic overview see e.g. Höskuldur Þráinsson 2007:92ff). It was recently discovered, however, that in a certain context it is possible to use the genitive of a first person pronoun in contexts like *á fundi [forstjórans og míni]*, lit. “at meeting the director(G) and my(G)”, where *mi* is the genitive of the first person pronoun and is the part of a conjoined noun phrase.<sup>14</sup> Here one might have expected the possessive pronominal form *mínunum* (agreeing with *fundi* ‘meeting’).

- It turned out that the **genitive of the personal pronoun** was actually more widely accepted than the agreeing possessive pronoun in this context (*table 13.38*).
- Since the variant with the genitive of the personal pronoun is in fact **more likely to be accepted by the older generations**, this construction does not seem to be an innovation (*table 13.39*).

---

<sup>14</sup> The second person pronoun should work the same way, e.g. *á fundi [forstjórans og þín]* “at meeting the director(G) and you(G)”.